

**SKOÐUN** Landsdómsmálið var okkur ekki til virðisauka skrifar Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingar. 14



**MENNING** Íris Björk hlaut viðurkenningu frá hinum virta háskóla London College of Fashion. 30



**SPORT** Enginn spilaði betur í 9. umferð Pepsi-deildar karla heldur en KR-ingurinn Gary Martin. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
2. júlí 2013
153. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Melódíusafnið til sölu

Jón Kr. Ólafsson, eigandi tónlistarsafnsins Melódíur minninganna á Bíldudal, hyggst selja safnið. Hann vill að það verði í öruggum höndum þegar hans nýtur ekki lengur við. 2

**Fylgir ekki reglum** Landlæknisembættið skráir ekki hvers vegna bólusetningum barna er sleppt – eins og reglur kveða á um. 4

**Neyðarkall af vettvangi** Haustið 2015 á að vera skylt að hafa búnað í bílum sem kallar sjálfvirkt á aðstoð þegar alvarleg slys verða. 8

**Hætta launagreiðslum** Ljósmæðranemar fá ekki greidd laun frá og með næsta ári. 12




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 8° | N | 10 |
| Akureyri | 7° | NV | 5 |
| Egilsstaðir | 10° | V | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 15° | NV | 3 |
| Reykjavík | 10° | N | 7 |

**BJART SYÐRA** Fremur stíf norðlæg átt NV-til með vætu N-lands en annars yfirleitt hægari og bjart syðra. Hiti 7-15 stig, mildast S-lands. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Bílar | Fólk




# Flestir ánægðir með Sigmund í embætti

Tvöfalt fleiri aðspurðra í skoðanakönnun Stöðvar 2 og Fréttablaðsins eru ánægðir en óánægðir með störf Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar sem forsætisráðherra.

**STJÓRNMÁL** Um 44 prósent þeirra sem tóku afstöðu í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 eru ánægð með störf Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra.

Samkvæmt niðurstöðu könnunarinnar, sem gerð var fyrir helgi, finnst 32,1 prósenti Sigmundur hafa staðið sig frekar vel og 12,1 prósenti mjög vel. Þriðjungi aðspurðra þykir hann hvorki hafa staðið sig vel né illa.

Alls sögðust 22,5 prósent telja Sigmund hafa staðið sig mjög eða frekar illa í starfi, þar af 8,8 prósent mjög illa.

Samkvæmt könnunni er mikill meirihluti stuðningsmanna Framsóknarflokksins, 76,3 prósent, ánægður með störf Sigmundar og 75 prósent Sjálfstæðisfólks er sömu skoðunar. Innan við fimm prósent stuðningsmanna stjórnarflokkanna tveggja telja Sigmund hafa staðið sig illa í embætti.

Tæp 49 prósent karla telja forsætisráðherra hafa staðið sig vel í starfi og tæp fjörutíu prósent kvenna.

**22,5** prósent telja Sigmund Davíð Gunnlaugsson hafa staðið sig illa sem forsætisráðherra.

Íbúar landsbyggðarinnar eru almennt heldur jákvæðari í garð Sigmundar en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu en munurinn er þó ekki mikill.

- bj / sjá síðu 6



**MÆTTU TIL AÐ MÓTMÆLA** Hjólabrettafólk mótmælti á Ingólfstorgi síðdegis í gær. Umsvif kaffihúss, blómapottur og túnþökur eru það sem fer fyrir brjóstið á iðkendum íþróttarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fjöldi hjólabrettafólks á öllum aldri mótmælti breytingum á Ingólfstorgi í gær:

# Blómapotturinn gerði útslagið

**MÓTMÆLI** „Við viljum bara fá okkar pláss,“ segir Andri Sigurðsson Haraldsson, einn skipuleggjenda mótmæla hjólabrettafólks við Ingólfstorg í gær.

Stór hópur hjólabrettaiðkenda lagði leið sína á Ingólfstorgið til að mótmæla breytingum sem orðið hafa á torginu í sumar.

Rekstur nærliggjandi kaffihúsa hefur verið færður á torgið og stór hluti torgsins verið tyrfður. Þá hefur stóru blómakeri verið komið fyrir ofan við tröppur.

Fyrir nokkrum dögum sló í brýnu á milli starfsmanns á kaffihúsi og ungra drengja á svæðinu. Þá var ákveðið að boða til mótmælanna.

„Það sem fyllti mælinn var þessi blómapottur. Þetta eru frægustu „skeit“-tröppur á landinu og okkur finnst að nú sé búið að takmarka svæðið sem við höfum til að „skeita“ um of,“ segir Andri Sigurður og bætir við að búið sé að taka burt mikilvægt svæði hjólabrettamenningar á Íslandi.

„Ég skil alveg að borgin vilji leigja hér fyrir „bisness“ en hér er komin áfengissala á mitt torgið, ofan í krakkana og borgin ætti ekki að vera í forsvari fyrir því,“ segir tónlistarmaðurinn Intro Beats. Sjálfur hefur hann staðið á hjólabretti á torginu í nær tuttugu ár.

> Þetta eru frægustu „skeit“ tröppur á landinu.
> *Andri Sigurður Haraldsson.*

Jakob Frímann Magnússon lét sig ekki vanta og gekk á milli mótmælenda og hlustaði gaumgæfilega á sjónarmið þeirra. „Öll dýrin á torginu eiga að vera vinir,“ sagði Jakob.

- mlþ

Tekist á um borholur:

# Vatnsslagur berst í dómsali

**DÓMSMÁL** Reykjavíkurborg stefnir Kópavogsbæ fyrir dóm til að freista þess að fá aðgang að borholum á Vatnsendasvæðinu sem Orkuveitan vill nýta.



KRISTBJÖRG STEPHENSEN

Kópavogsbær hefur áhyggjur af því að Orkuveitan gangi of freklega á vatnsbólið og neitar þess vegna að afsala sér landinu umhverfis borholurnar til Reykjavíkurborgar. Það kallar borgarlögmaður brot á samningi sem gerður var árið 2007 og fól í sér að Kópavogsbær fékk að leggja vatnsleiðslu og veg um land Reykjavíkur gegn afsali á landinu við holurnar.

„Þeim ber að afhenda þetta,“ segir Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður.

- sh / sjá síðu 4

Sjónvarpskokkur á Íslandi:

# Gordon Ramsey veiðir í Norðurá

**FÓLK Heimsókn hasarkokksins og sjónvarpsskelfisins Gordons Ramsey hefur ekki farið fram hjá mörgum síðustu daga. Ramsey er nú í Norðurá í Borgarfirði þar sem hann hyggst veiða í nokkra daga. Hann ku vera mikill áhugamaður um laxveiði.**

**Ramsey hefur einnig verið á ferð um höfuðborgina og fór út á lífið um helgina. Þá hefur hann væntanlega valdið matreiðslumeisturum bæjarins nokkru hugarangri er hann mætti til snæðings því sjónvarpskokkur er ekki þekktur fyrir að liggja á skoðunum sínum um matargerð. Hann borðaði meðal annars á Dilli í Norræna húsinu.**



- mlþ / sjá síðu 30










## SPURNING DAGSINS



Aníta, það er ekki hlaupið að þessu?

**Það hefur tekið sinn tíma að hlaupa af sér hornin.**

Aníta Hinriksdóttir bætti Íslandsmetið í 800m hlaupi síðastliðna helgi. Árangur hennar er einn sá besti í heiminum.

Niðurstöður komnar úr rannsókn á blóðsýnum úr fötum grunaðs morðingja:

# DNA-rannsókn bendir til sektar

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á blóðsýnum úr fötum ungs manns sem talinn er hafa myrt nágranna sinn á Egilsstöðum í maí styrkir grun lögreglu um að hann sé hinn seki.

Sýnin voru send til Svíþjóðar í greiningu og Jónas Wilhelmsson, yfirlögregluþjónn fyrir austan, segir að niðurstaða rannsóknarinnar hafi verið í samræmi við það sem áður var talið.

Ungi maðurinn var handtekinn í byrjun maí eftir að nágranni hans í blokk við Blómvang á Egilsstöðum, Karl Jónsson, fannst látinn á svölunum heima hjá sér. Hann hefur ekki játað sök.

Maðurinn hafði verið íbúum blokkarinnar til ama framan af kvöldi og svo virðist sem Karl hafi hleypt honum inn til sín, þar sem ungi maðurinn lagði til hans með stórum eldhúshnífi. Morðið var mjög ofsafengið og Karl var með fjölda stungusára á líkamanum.

Brunnin föt fundust í ruslagámi fyrir utan húsið og var upphaflega talið að ungi maðurinn hefði hugsanlega reynt að farga fötum sem hann hafi klæðst við verknaðinn. Svo reyndist þó ekki vera og munu brunnu fötin vera alls ótengd morðinu.

Vonast er til þess að rannsókn málsins ljúki fljótlega og að hægt verði að senda það ákæruvaldi til meðferðar.

- sh, vg



**Á VETTVANGI** Tæknideild lögreglunnar strengdi dúk fyrir svalirnar á Blómvangi 2 eftir að maðurinn fannst þar látinn. MYND/AUSTURFRÉTT




**KRÖFTUG MÓTMÆLI** Ættingjar fanga mótmæla í appelsínugulum alklæðnaði og krefjast lausnar þeirra. MYND/AFP

Eru í hungurverkfalli og kvarta yfir ómannúðlegri meðferð:

## Fangar neyddir til að nærast

**GUANTANAMO Fangar í Guantanamo-fangelsi biðja dómstóla um að setja lögbann á aðgerðir fangavarða sem þvinga fanga til þess að neyta matar. Þetta er gert til þess að komast hjá því að fangar verði hungurmorða en þeir hafa verið í hungurverkfalli í yfir fjóra mánuði. Fangarnir halda því fram að meðferðin, það er að neyða mat ofan í þá með slöngu, sé ómannúðleg og niðurlægjandi.** - ne

Mygla í baðdóti vekur ugg:

## Ekki hættulegra en Camembert

**HEILBRIGÐISMÁL** „Mér brá eiginlega dálítið. Maður vill ekki að börnin séu að leika sér með dót sem er myglað,“ segir Guðbjörg Snorradóttir, móðir sem setti mynd af myglu innan í baðleikfangi á facebook-síðu sína. Hópur foreldra sem fór að dæmi Guðbjargar fann einnig myglu og henti baðleikföngum. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Michael Clausen, barnalæknir og sérfræðingur í ofnæmissjúkdómum barna, telur litlar líkur á að myglan geti valdið veikindum. „Ég held að það sé afar ósennilegt, ekki frekar en camembert-ostur eða eitthvað því um líkt,“ segir Michael.

- hþ / mlþ

Píratar bíða forseta Íslands:

## Málþóf vegna veiðileyfagjalds

**ALÞINGI** Í gærkvöld hófst önnur umræða á Alþingi um frumvarp ríkisstjórnarinnar um lækkun veiðigjalda. Stjórnarandstöðuþingmenn Píratahreyfingarinnar höfu þar formlega málþóf, sem þeir höfðu áður boðað. Smári McCarthy, þingmaður Pírata, sagði málþófið til þess eins að gefa forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, tíma til að koma til landsins og sinna skyldu sinni.

Birgitta Jónsdóttir, þingkona Pírata, flutti ljóð úr pontu. Þingmenn annarra stjórnarandstöðuflokka höfðu ekki fylgt fordæmi Pírata og tekið þátt í málþófinu við vinnslu fréttarinnar. Samkvæmt heimildum blaðsins mun það þó standa til hjá nokkrum.

- mlþ

# Melódíusafnið til sölu en bara fyrir sérfróða

Eigandi tónlistarsafnsins Melódíur minninganna á Bíldudal hyggst auglýsa safnið til sölu. Hann vill tryggja að það verði í öruggum höndum þegar hans nýtur ekki við. Sárnar að plakat frá Kristjáni Jóhannssyni komist ekki upp vegna plássleysis.

**MENNING** „Ég læt ekki einhver skriðdýr vaða í ævistarf mitt þegar ég hef sett upp tærnar,“ segir Jón Kr. Ólafsson, stofnandi og eigandi tónlistarsafnsins Melódíur minninganna á Bíldudal. Hann er á sjötugasta og þriðja aldursári og segist vilja tryggja framtíð þess.

Hann hyggst auglýsa það til sölu en þó með einhverjum skilmálum. „Því auðvitað verð ég eitthvað í þessu meðan ég stend í lappirnar og er enn óruglaður,“ útskýrir hann. „En þarna eru mikil menningarverðmæti og þau verða að vera í höndum fólks sem hefur sérþekkingu á hlutunum. En ég er ekkert að segja að safnið verði að vera á Bíldudal um aldur og ævi.“

Safnið var opnað árið 2000 á þjóðhátíðardaginn, sem jafnframt er afmælisdagur Svavars heitins Gests sem átti marga muni sem safnið geymir. „Ég hef staðið í þessu einn í þrettán ár og þeir sem þekkja til kjaramála venjulegs verkafólks vita að það hefur ekki verið einfalt mál.“

Jón Kr. segir einnig nauðsynlegt að fagfólk komi að málum. Hann hefur reyndar fengið styrk til þess að láta sagnfræðinga skrá muni en þeirri vinnu er þó ekki lokið. Safnið er á neðri hæð heimilis Jóns og segir hann að það hafi fyrir löngu sprengt utan af sér. „Ég fékk fyrir skemmstu plakat frá heimstenórnum okkar, Kristjáni Jóhannssyni, frá því hann var að debútera á Scala hér um árið. Þessari gersemi kem ég til dæmis hvergi fyrir. Ekki fer ég að hafa þetta inni hjá mér. Ég vil nú ekki fá alla heimsbyggðina inn á rúmstokk til mín þó eflaust væri gott að fá hluta af henni.“

Meðal annarra safngripa má meðal annars nefna kjóla af Elly Vilhjálms, Diddú og Helenu Eyjólfsdóttur og jakka af Ragnari Bjarnasyni og Hauki Morthens. „Svo er hérna mikið af skótaui af þessu liði, ýmis verk og fjöldi mynda,“ segir Jón.

Jón Kr. hefur sjálfur sett sitt mark á melódískar minningar landans en hann söng til dæmis lagið „Ég er frjáls“ með hljómsveitinni Facon árið 1969. Hann hefur svo og gefið út fjölda hljómdiska, sungið í kvikmyndum eins og Börnum náttúrunnar auk þess sem hann hefur komið fram með mörgum af þekktustu dægurlagasöngvurum landsins.

jse@frettabladid.is



**AÐÞRENGDUR Á SAFNINU** Jón Kr. Ólafsson reynir að koma safni sínu í örugga höfn og hyggst nú auglýsa það til sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

> **Ekki fer ég að hafa þetta inni hjá mér. Ég vil nú ekki fá alla heimsbyggðina inn á rúmstokk til mín þó eflaust væri gott að fá hluta af henni.**
>
> *Jón Kr. Ólafsson, eigandi tónlistarsafnsins Melódíur minninganna.*




Fjármálaráðherra segir ríkisstjórnina ekki hafa verið í jafn mikilli tímaþröng:

# Þingbyrjun frestast í þrjá vikur

**STJÓRNMÁL** „Það eru sérstakar aðstæður vegna þess að það er kosningaár og nú eru að taka gildi í fyrsta sinn reglur um að tekjuöflunarfrumvörpin eigi að koma samhliða fjárlagafrumvarpinu,“ segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra.

Fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld að fjármálaráðherra og forsætisráðherra hafi óskað eftir því við oddvita stjórnarandstöðuflokkanna að þeir samþykktu að Alþingi yrði ekki sett fyrr en þremur vikum síðar en ráð fyrir. Þannig myndi þingið hefjast 1. október en ekki 10. september.

Bjarni segir að af fyrrgreindum ástæðum hafi ríkisstjórnin aldrei áður staðið frammi fyrir annarri eins tímaþröng. Allur undirbúningur að gerð nauðsynlegra frumvarpa sé skammt á veg kominn. Oddvitar þingflokkanna hafi tekið bón ráðherranna vel. „Við erum ekki búin að ljúka því samtali en ég finn fyrir því að það er mikill skilningur á þessu,“ segir fjármálaráðherra.

- gar



**BJARNI BENEDIKTSSON** Fjármálaráðherra segir breyttar reglur og annir á kosningaári setja fjárlagagerð knappan tímaramma. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




20 viðskiptavinir sem skrá sig í Áskorendaleik Orkunnar vinna sæti í vítaspyrnukeppni gegn David James þar sem keppt er um glæsilega vinninga.



Áfyllingar á Shell og Orkunni um allt land gilda í leiknum

## Leikreglur

- 20 viðskiptavinir verða dregnir út í september og keppa í vítaspyrnukeppni um vegleg verðlaun
- Handhafar Orkulykla, Orkukorta, Afsláttarkorta (skráð á kennitölu), Orkufrelsis og staðgreiðslukorta Skeljungs geta skráð sig til leiks
- Því oftar sem þú kaupir eldsneyti eða vörur í júlí og ágúst, á Orkunni eða Shell, því líklegra er að þú komist í vítaspyrnukeppnina
- Lágmarksáfylling fyrir eldsneyti er 4.000 kr. Lágmarksupphæð fyrir vörur er 1.000 kr.
- Þeir sem verða dregnir út mega senda fulltrúa sinn í vítaspyrnukeppnina
- Sjá nánar á www.orkan.is/askorun

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

## SVONA ERUM VIÐ



**2.380.310**

**var fjöldi farþega um Keflavíkurflugvöll árið 2012.**

Það er 12,7 prósentustiga aukning frá árinu 2011.

Landlæknir skráir ekki skýringar á því þegar bólusetningu barna er sleppt, eins og reglur kveða á um:

# Ganga ekki hart á eftir skýringum foreldra

**HEILBRIGÐISMÁL** Miðlæg skrá um bólusetningar á Íslandi inniheldur ekki upplýsingar um ástæðu þess ef ekki er bólusett, en það er skylt samkvæmt 9. grein reglugerðar um bólusetningar. Samkvæmt sóttvarnalögum er sóttvarnalæknir ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá þar sem þessar upplýsingar koma fram.

Þórólfur Guðnason, yfirlæknir sóttvarna hjá Landlæknisembættinu, sagði skrá yfir þá sem ekki vilja láta bólusetja börnin sín ekki vera til.

„Meiningin er að það sé skráð en við búum ekki til sérstaka skrá. Við erum ekki að ganga hart á eftir fólki með þetta, að gefa ástæður fyrir því að það sé ekki bólusett," segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir, spurður að því af hverju þessum reglum sé ekki fylgt.

> **Meiningin er að það sé skráð en við búum ekki til sérstaka skrá.**
>
> *Haraldur Briem, yfirlæknir sóttvarna*

Hann segir að yfirgnæfandi fjöldi barna sé bólusettur eftir fæðingu, eða 97 prósent. Þetta þýðir að um 2-3 prósent foreldra vilji ekki láta bólusetja börnin sín. Haraldur segir þetta ekki hafa færst í aukana en að þetta sé hávær hópur.

Ástæður þessa hóps fyrir því að neita að láta bólusetja börnin sín liggja ekki fyrir þrátt fyrir að það sé skylt með lögum. **- ne**



**FLEST BÖRN BÓLUSETT** Haraldur Briem segir 97% barna bólusett.

Nýr framkvæmdastjóri LÍÚ:

## Kolbeinn til útvegsmanna

**ATVINNUMÁL** Kolbeinn Árnason lögmaður hefur störf sem framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna í næsta mánuði.



**KOLBEINN ÁRNASON**

Að því er segir í tilkynningu frá LÍÚ var Kolbeinn skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu sjávarútvegsráðuneytisins og síðar fiskveiðistjórnarskrifstofu þess í rúm sex ár. Kolbeinn situr í samninganefnd Íslands í aðildarviðræðum við ESB og er formaður samningahóps um sjávarútvegsmál. Hann er framkvæmdastjóri lögfræðisviðs slitastjórnar Kaupþings hf. en lætur af störfum þar í lok ágúst. **- gar**

Samfylkingin segir upp fólki:

## Nær allir starfsmenn SF reknir

**ATVINNUMÁL** Öllum starfsmönnum skrifstofu Samfylkingarinnar, nema tveimur, hefur verið sagt upp störfum. Starfsmennirnir voru átta talsins en sex þeirra hefur verið sagt upp.

„Tekjur flokksins lækka þegar fylgið er minnkandi. Þetta er ekki gert af neinum öðrum orsökum en til að endurskipuleggja og hafa svigrúm. Það blasir við mér að það sé mjög æskilegt að leitast við að virkja þingflokk og flokk vel saman og við ætlum að horfa á hvernig það verður best gert," segir Margrét K. Sverrisdóttir, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar.

Margrét segir uppsagnirnar ekki vegna ágreinings innan flokksins. „Þetta er bara gert til að halda skynsamlega á málunum í ljósi niðurstaðna kosninga." **- js / mlþ**

# Vatnsslagur Kópavogs og Reykjavíkur til dómstóla

Kópavogsbær neitar að hleypa Reykvíkingum í borholur á Vatnsendasvæðinu. Þar óttast menn að Orkuveitan gangi um of á vatnsbólið. Borgarlögmaður sakar Kópavogsbæ um samningsbrot og hefur höfðað dómsmál.

**DÓMSMÁL** Reykjavíkurborg hefur stefnt Kópavogsbæ fyrir dóm til að fá aðgang að borholum á Vatnsendasvæðinu. Borgaryfirvöld saka Kópavogsbæ um að efna ekki samning frá 2007, sem gerði ráð fyrir að Kópavogsbær afsalaði sér landsvæði í Vatnsendakrika til Reykjavíkurborgar gegn því að Kópavogsbær fengi að leggja veg og vatnsleiðslu um land Reykjavíkur.

„Kópavogsbær hefur ekki gefið út afsal fyrir því landi sem honum bar að gefa út afsal fyrir," segir Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður.

„Reykjavíkurborg hefur efnt sinn hluta samningsins – þarna er komin vatnslögn og vegur og Kópavogsbær hefur hafið vatnstöku þarna en enn vantar að Kópavogsbær gefi út þetta afsal til Reykjavíkurborgar þannig að Orkuveitan geti þá nýtt þessar holur."

Málið snýst um borholur sem Orkuveitan boraði árið 1991 í Vatnsendakrika. Um miðjan síðasta áratug stóðu miklar deilur á milli sveitarfélaganna um það hvort Kópavogsbær mætti leiða vatn og leggja veg um land Reykjavíkur þegar bærinn áformaði að stofna sína eigin vatnsveitu.

Deilunum lauk með samningnum sem segir frá hér að framan; Kópavogsbær fékk leyfið gegn því að Reykjavík eignaðist landið í kringum borholurnar, sem Kópavogsbær tók eignarnámi með sátt árið 2007.

Kristbjörg segir bæjaryfirvöld í Kópavogi gefa þá skýringu á afstöðu sinni að þau vilji fyrst fara betur yfir það hvaða áhrif vatnstaka Reykvíkinga úr borholunum hefði á þeirra eigin vatnsveitu og tryggja að hún myndi ekki ganga á hagsmuni þeirra.

Hún segir þó að samningurinn sé alveg skýr. „Þeim ber að afhenda þetta. Það er auðvitað alveg ljóst að það er enginn sem borar eftir vatni nema á grundvelli starfsleyfis frá Orkustofnun og það er þá hennar að ganga frá starfsleyfinu þannig að Orkuveitan verði ekki of frek til fjörsins. Það kemur þessu máli í rauninni ekkert við."



**SKÁL** Ómar Stefánsson og Gunnar Birgisson vígðu sína eigin vatnsveitu í Vatnsendakrika í nóvember 2007 eftir mikið þref við Reykjavíkurborg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Páll Magnússon, bæjarritari í Kópavogi og starfandi bæjarstjóri í fjarveru Ármanns Kr. Ólafsonar, segir bæjaryfirvöld segist ekkert vilja tjá sig um málið á þessu stigi. Það sama sögðu Rannveig Ásgeirsdóttir, formaður bæjarráðs, og varaformaðurinn Ómar Stefánsson.

Málinu var stefnt fyrir dóm á miðvikudaginn í síðustu viku og Kópavogsbær hefur fram yfir réttarhlé til að skila greinargerð í málinu.

stigur@frettabladid.is



> **Reykjavíkurborg hefur efnt sinn hluta samningsins – þarna er komin vatnslögn og vegur og Kópavogsbær hefur hafið vatnstöku þarna – en enn vantar að Kópavogsbær gefi út þetta afsal**
>
> *Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður*




GERÐU VERÐSAMANBURÐ

**heitir pottar**

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta í yfir **30 ár** fyrir íslenskar aðstæður. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HLÝNANDI** Heldur svalt á landinu í dag en ætti að ná 15°C sunnanlands í dag. Hlýnar smám saman á landinu á morgun og dregur úr vætu.




**Á morgun**
Hæg norðlæg eða breytileg átt.




**Fimmtudagur**
3-10 m/s, hvassast við SA-ströndina.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Billund | 19° | Gautaborg | 18° | London | 17° | Orlando | 29° | San Francisco | 25° |
| Basel | 28° | Frankfurt | 25° | Kaupmannahöfn | 18° | Mallorca | 25° | Ósló | 18° | Stokkhólmur | 19° |
| Berlín | 22° | Friedrichshafen | 27° | Las Palmas | 24° | New York | 25° | París | 25° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# 30 - 40% AFSL. AF ÖLLUM ÚTIHÚSGÖGNUM!











Alma útihúsgögnin eru hágæða útihúsgögn sem þola vel íslenska veðráttu. Þau mega stands úti allan ársins hring. Vandað vatns- og sólvarið áklæði er á sessunum. Glerplötur fylgja öllum borðum nema þeim sem eru með viðarplötu.

Litir; Hvítt, svarbrúnt og brúnt.

HEIMA HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða land er nýjasta viðbótin við Evrópusambandið?
**2.** Í hvaða tímarit skrifaði Árni Hjörvar úr The Vaccines um íslenskt tónlistarlíf?
**3.** Í hvaða skóla lærir Hulda Jónsdóttir fiðluleik?

**SVÖR**
**1.** Króatía **2.** Clash **3.** Juilliard

Starfsmaður frístundaheimilis fyrir börn mætti fyrir dóm í gær:

# Játar að hafa átt barnaklám

**DÓMSMÁL** Rúmlega sextugur starfsmaður frístundaheimilis játaði fyrir dómi í gær vörslu á efni sem sýndi börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Fyrst maðurinn játaði var málið dómtekið að lokinni þingfestingu þess í gærmorgun.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu fyrr í mánuðinum hefur maðurinn undanfarin ár starfað sem verkefnisstjóri á barnasviði frístundaheimilis í Reykjavík.

Hann hefur verið í launuðu leyfi síðan í desember, þegar lögregla fann vel á annað hundrað ólöglegar ljósmyndir og fimm myndskeið í tölvu hans.

Fimm mánuðum fyrr höfðu tveir menn ráðist inn á heimili hans, bundið hann og keflað og rænt, að þeirra sögn vegna þess að hann var „barnaperri“. Þess vegna lagði lögregla hald á tölvuna en skoðaði hana ekki fyrr en löngu síðar, að hennar sögn vegna álags.

Barnaverndar- og borgaryfirvöld hafa gagnrýnt málsmeðferðina, meðal annars að hafa ekki verið látin vita af máli mannsins fyrr og að ekki hafi verið rannsakað sérstaklega hvort maðurinn hafi gerst brotlegur gegn börnum á frístundaheimilinu. **- sh**



**ER Í LAUNUÐU LEYFI** Mál mannsins var tekið til dóms eftir að hann játaði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Júní óvenju sólarlítill í Reykjavík



**SJALDGJÆF SÓLARSTUND** Sólin skein í fyrradag, síðasta daginn í júní, en sólarstundir mánaðarins voru fáar í Reykjavík. Sólskinstundir mældust aðeins 121,7 og er það 90 stundum undir meðaltali júnímánaða síðustu tíu ára. Svo sólarlítið hefur ekki verið síðan árið 1995. Hiti var undir meðallagi í Reykjavík en óvenjuhlýtt var á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


THE ICELANDIC ANGLING CLUB

**LAXVEIÐI**

Vegna forfalla eru nokkrar lausar stangir í **Laxá í Aðaldal**:

10. – 12. júlí Tvær stangir
3. – 7. ágúst Tvær stangir
16. – 19. ágúst Ein stöng
27. – 28. ágúst Tvær stangir

**Upplýsingar gefur: orri@icy.is**





# Flestir ánægðir með störf forsætisráðherra

Stærstur hluti landsmanna telur Sigmund Davíð Gunnlaugsson hafa staðið sig vel í embætti forsætisráðherra samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Um 44 prósent eru ánægð með hans störf en tæp 23 prósent telja hann hafa staðið sig illa.

**KÖNNUN** Landsmenn virðast almennt ánægðir með störf Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var fyrir helgi.

Um 44 prósentum þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni fannst Sigmundur Davíð hafa staðið sig mjög eða frekar vel í embætti forsætisráðherra, þar af 12,1 prósenti mjög vel. Þriðjungi landsmanna, 33,4 prósentum, þykir hann hvorki hafa staðið sig vel né illa.

Alls sögðust 22,5 prósent telja Sigmund Davíð hafa staðið sig mjög eða frekar illa í starfi, þar af 8,8 prósent mjög illa.

Mikill meirihluti stuðningsmanna Framsóknarflokksins, 76,3 prósent, segist ánægður með störf Sigmundar Davíðs. Svipað hlutfall Sjálfstæðisfólks, 75 prósent, er sömu skoðunar. Innan við fimm prósent stuðningsmanna stjórnarflokkanna tveggja telja Sigmund Davíð hafa staðið sig illa.

## KARLAR HRIFNARI AF SIGMUNDI EN KONUR

Hversu vel eða illa finnst þér Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hafa staðið sig í embætti forsætisráðherra?






➜ Mikill meirihluti stuðningsmanna Framsóknarflokksins, 76,3 prósent, segist ánægður með störf Sigmundar Davíðs. Svipað hlutfall Sjálfstæðisfólks, 75 prósent, er sömu skoðunar.

Staðan er heldur önnur hjá stuðningsmönnum Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Aðeins um þrettán prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar og fimmtán prósent kjósenda Vinstri grænna telja Sigmund Davíð hafa staðið sig vel í embætti forsætisráðherra.

Stuðningsmenn Pírata eru heldur ánægðari með forsætisráðherrann, 24 prósent þeirra telja hann hafa staðið sig vel. Sömu skoðunar er þriðjungur þeirra sem kjósa myndu Bjarta framtíð yrði gengið til kosninga nú.

Karlmenn eru almennt ánægðari með Sigmund Davíð en konur. Tæp 49 prósent karla telja hann hafa staðið sig vel í starfi samanborið við tæp fjörutíu prósent kvenna.

Lítill munur er á afstöðu fólks til starfa Sigmundar Davíðs eftir búsetu, en íbúar landsbyggðarinnar eru almennt heldur jákvæðari í garð Sigmundar en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

Hringt var í 1.077 manns þar til náðist í 800 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 23. maí og fimmtudaginn 24. maí. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Hversu vel eða illa finnst þér Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hafa staðið sig í embætti forsætisráðherra? Alls tók 91 prósent afstöðu til spurningarinnar.

brjann@frettabladid.is




SCIERRA



## SCIERRA CC3 XP VÖÐLUPAKKI

Scierra CC3 XP öndunarvöðlur. Nýjar sumarið 2013.
Nýja módelið kemur í stað eldri gerðar sem notið hefur mikilla vinsælda síðustu ár.
Sterkar vöðlur með góðri útöndun. Neopren sokkar og áfastar sandhlífar. Stillanlegt belti og góður brjóstvasi. Scierra Contour vöðluskór. Léttir og sterkir skór með filtsóla.
Hefur þú séð betra verð á vönduðum öndunarvöðlum og skóm?

Fullt verð 44.990,-
**Tilboðsverð 29.995,-**

SIMMS



## SIMMS FREESTONE PAKKATILBOÐ

Fjögurra laga Quadralam Torey öndunarfilma með góðri útöndun. Góðir vasar, áfastar sandhlífar. Fótlaga sokkar. Simms Freestone skór úr sterku gerviefni.
Frábær ökklastuðningur. Filtsóli

Fullt verð 68.800,-
**Tilboðsverð 53.900,-**

REDINGTON




## REDINGTON KVENVÖÐLUR OG SKÓR

Þriggja laga öndunarvöðlur úr lipru og góðu efni. Dömusnið. Áfastar sandhlífar og góður vasi. Belti fylgir. Vöðlunum fylgja góðir og léttir skór úr slitsterku efni.
Filtsóli undir skóm.

Fullt verð 53.990,-
**Tilboðsverð 42.995,-**

**JERRY SIEM Í VEIÐIHORNINU** — SAGE

**SIMON GAWESWORTH Í VEIÐIHORNINU** — RIO PRODUCTS

SÍÐUMÚLI 8 - REYKJAVIK - SÍMI 568 8410

AF HVERJU SAGE? Allar Sage stangir eru handgerðar í Bandaríkjunum. Karakter sem hentar byrjendum sem lengra komnum. Allar Sage stangir eru með alvöru lífstíðarábyrgð frá framleiðanda. Sanngjarnt verð.



## SAGE APPROACH

Sage Approach er miðhröð stöng sem auðvelt er að vinna með jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna. Einhver besta byrjendastöngin á markaðnum í dag.
Verð aðeins **49.900,-**



## SAGE RESPONSE

Response er enn kraftmeiri en gamla Flight. og ræður vel við þyngri flugur og sterkari vind. Response er góður kostur fyrir byrjendur jafnt sem vanari kastara.
Verð aðeins **59.900,-**

RIO PRODUCTS



## RIO LEGGUR LÍNUNA *Fullkomnar línur fyrir allar aðstæður*

**FULLKOMIN ÁBYRGÐ!**
Villtur í línufrumskóginum? Treystu Rio og ráðleggingum okkar. Ef þú ert ekki ánægður með Rio línuna þína máttu skila henni innan 10 daga og við endurgreiðum þér. Verð fra **6.990,-**(Mainstream Trout WF)

WATERWORKS LAMSON



## LAMSON FLUGUHJÓL

Frábær bandarísk fluguhjól með einhverri mýkstu og bestu bremsu sem þú færð. Margar gerðir og stærðir.
Verð frá **25.900,-**

VEIÐIHORNIÐ

AF HVERJU REDINGTON? Bandarísk hönnun, hagstætt samspil verðs og gæða, lífstíðarábyrgð frá framleiðanda. Redington vörurnar hafa sannað sig hér á landi undanfarin ár.



## TOPO FLUGUVEIÐIPAKKI

Redington Topo stöng, Crosswater fluguhjól, Rio Mainstream flotlína, undirlína, taumur og taumaefni. Klippa, flugubox og flugur fylgja.
Verð fyrir allt þetta aðeins **36.900,-**



## CROSSWATER FLUGUVEIÐIPAKKI

Redington Crosswater stöng, Crosswater fluguhjól,
Rio Mainstream flotlína og Rio undirlína.
Verð aðeins **29.900,-**



## PURSUIT FLUGUVEIÐIPAKKI

Redington Pursuit stöng, Pursuit fluguhjól, Rio flotlína og Rio undirlína. Lífstíðarábyrgð á stöng.
Verð aðeins **39.900,-**



## VOYANT FLUGUVEIÐIPAKKI

VOYANT fluguveiðipakki Redington Voyant stöng, Surge fluguhjól, Rio flotlína og Rio underlína.
Verð aðeins **59.900,-**

STRANDGATA 49 - HAFNARFJÖRÐUR - SÍMI 555 6226

1 9 9 8 — Framúrskarandi fyrirtæki 2010 — Framúrskarandi fyrirtæki 2011 — Framúrskarandi fyrirtæki 2012 — 2 0 1 3

T R A U S T  F J Ö L S K Y L D U F Y R I R T Æ K I  Í  1 5  Á R

Fyrrverandi yfirmaður CIA gerir lítið úr gagnrýni:

# Segir hina njósna líka

**BANDARÍKIN, AP** Mike Hayden, fyrrverandi yfirmaður bandarísku leyniþjónustunnar CIA og bandarísku þjóðaröryggisstofnunarinnar NSA, gerði lítið úr gagnrýni Evrópuríkja á njósnastarfsemi Bandaríkjanna í sjónvarpsþætti á sunnudagskvöld.



MIKE HAYDEN

Hann segir að Evrópubúar ættu „fyrst að líta í eigin barm og skoða hvað þeirra eigin stjórnvöld eru að gera,“ áður en þeir fara að úthúða Bandaríkjamönnum fyrir njósnir.

Svo bætti hann því reyndar við að Bandaríkin ættu vissulega að útskýra betur fyrir Evrópuríkjum í hverju eftirlitið er fólgið.

„Því meira sem þau vita, því betur líður þeim,“ sagði Hayden. - gb

Uppljóstrarinn Edward Snowden hefur sótt um hæli í Rússlandi:

# Pútín setur Snowden skilyrði

**RÚSSLAND** Bandaríski uppljóstrarinn Edward Snowden hefur sótt um hæli í Rússlandi. Hann hefur setið þar fastur á flugvelli í Moskvu, vegabréfslaus vegna þess að Bandaríkjastjórn ógilti vegabréf hans.

Vladimír Pútín Rússlandsforseti segir að Snowden megi engu að síður fara frá Rússlandi vilji eitthvert ríki taka við honum.

„En ef hann vill vera hér þá er eitt skilyrði: Að hann láti af þeirri háttsemi sinni að valda bandarískum félögum okkar skaða, svo undarlega sem það kann að hljóma af mínum vörum,“ sagði Pútín á blaðamannafundi í gær.

Pútín ítrekaði jafnframt að Rússar hefðu ekki í hyggju að framselja hann til Bandaríkjanna.

Barack Obama Bandaríkjaforseti fullyrti hins vegar á blaðamannafundi í Tansaníu í gær að æðstu embættismenn Rússlands og Bandaríkjanna væru að ræða örlög Snowdens sín í milli, meðal annars um hugsanlegt framsal Snowdens til Bandaríkjanna. - gb



**VLADIMÍR PÚTÍN RÚSSLANDSFORSETI** Segir að Snowden verði að hætta að birta upplýsingar sem skaða Bandaríkin. NORDICPHOTOS/AFP



**Á LOFTI** Mikil umferð var um íslenska flugstjórnarsvæðið í júní.

Metflugumferð yfir Íslandi:

# Ríflega 12 þúsund flugvélar á ferðinni í júní

**SAMGÖNGUR Metumferð var um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið í síðasta mánuði en aldrei hafa fleiri flugvélar farið um svæðið í júní segir í tilkynningu frá Isavia.**

**Um svæðið fóru 12.148 flugvélar en í sama mánuði í fyrra voru þær 10.599. Aukningin í júnímánuði á milli ára er því 14,6%. Aukninguna má rekja til fimm prósenta meiri umferðar um Keflavíkurflugvöll, hagstæðra vinda á svæðinu og aukinnar umferðar milli heimsálfa, en umferð milli flugvalla í Asíu og Norður-Ameríku eykst ár frá ári.** - vg

Kona á miðjum aldri ákærð:

# Stakk 68 ára eiginmanninn

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur 56 ára gamalli konu fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás í Kópavogi haustið 2011. Konan stakk eiginmann sinn, sem þá var tæplega 68 ára, í þrígang, samkvæmt ákærunni.

Hnífurinn sem konan notaði var stór, með 26 sentímetra blaði. Fullyrt er í ákærunni að konan hafi stungið manninn þrisvar í kviðinn, auk þess sem maðurinn fékk skurðsár á handlegg. Að því er fram kom í fjölmiðlum á þeim tíma var aðdragandi árásarinnar óljós, en konan mun hafa verið undir áhrifum. - sh

Litlar breytingar frá 2011:

# Alls 980 fóstureyðingar í fyrra

**HEILBRIGÐISMÁL** 980 fóstureyðingar voru framkvæmdar árið 2012. Það er svipaður fjöldi og árin áður. Þetta kemur fram í nýútgefnu fréttabréfi landlæknis.

Flestar fóstureyðingar voru gerðar í aldurshópnum 20-24 ára en í þeim aldursflokki gengust 26 af hverjum 1.000 konum undir fóstureyðingu.

Fóstureyðingum meðal kvenna yngri en 20 ára hefur fækkað undanfarin áratug. 13,6 af hverjum 1.000 konum á þessum aldri fóru í fóstureyðingu í fyrra en 25 af hverjum 1.000 árið 2000. - ne



**SLYS** Evrópusambandið hefur þrýst á um upptöku svokallaðs eCall-neyðarboðakerfis í bíla og vill nú að notkun kerfisins verði bundin í lög. Fyrra markmið gerði ráð fyrir því að Evrópulönd tækju sjálf upp kerfið fyrir árslok 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sjálfvirkt neyðarkall berist af vettvangi slysa

**Haustið 2015 á að vera skylt að hafa búnað í bílum sem kallar sjálfvirkt á aðstoð þegar alvarleg slys verða. Framkvæmdastjórn ESB vill lögfesta ákvæði um búnaðinn sem gildi í löndum EES. Hér á landi fara prófanir í gang í haust.**

**SAMGÖNGUR** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) leggur til breytingar sem leiða til þess að á Evrópska efnahagssvæðinu öllu verður tekið upp kerfi fyrir sjálfvirk neyðarboð lendi bílar í alvarlegum slysum. Tillögurnar á enn eftir að samþykkja í Evrópuráðinu og á Evrópuþinginu.



SIIM KALLAS

Hér á landi er hins vegar þegar hafinn undirbúningur að upptöku evrópska eCall-neyðarboðakerfisins. Lendi bíll í árekstri sendir hann sjálfvirkt boð í 112 og mögulega kemst á talsamband milli starfsmanns Neyðarlínu og þeirra sem í bílnum eru.

„Ráðuneytið er nýbúið að halda fund um þetta þar sem verið var að ýta þessum málum af stað. Í haust förum við væntanlega að prófa þennan búnað,“ segir Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar.

Framkvæmdastjórn ESB segir tilganginn að draga úr skaðlegum áhrifum alvarlegra umferðarslysa í Evrópu. „Áætlað er að árlega geti kerfið bjargað allt að 2.500 mannslífum,“ segir í tilkynningu framkvæmdastjórnar ESB.

Samkvæmt frumvarpsdrögum ráðsins verða allir nýir farþegabílar og vélknúin farartæki undir 4,5 tonnum að þyngd að vera búin eCall-búnaði frá og með októbermánuði 2015 og viðeigandi búnaði komið upp í löndum Evrópska efnahagssvæðisins.

„Tillögurnar eru skref í þá átt að gera evrópska vegi öruggari,“ segir Siim Kallas, samgöngustjóri Evrópusambandsins. „Í fyrra létu 28 þúsund manns lífið og ein og hálf milljón slasaðist á evrópskum vegum. Hver mínúta skiptir máli þegar slys verða.“

Framkvæmdastjórnin áætlar að stytta megi viðbragðstíma að jafnaði um fjörutíu prósent í þéttbýli og fimmtíu prósent í dreifðari byggðum og bjarga með því allt að 2.500 mannslífum á ári.

Tómas Gíslason, aðstoðarframkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, segir að von sé á búnaði til landsins til þess að prófa eCall-kerfið og það sé gert í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki sem hér reki farsímaþjónustu.



> **Í haust förum við væntanlega að prófa þennan búnað.**
>
> *Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar*

„Við erum að fylgjast með og verðum ekki dragbítur í þessari þróun, sem við erum mjög ánægð með, segir hann.

Tómas segir hins vegar viðbúið að breytingin taki einhvern tíma. „Rétt eins og þegar bílbeltanotkun var leidd í lög, þá voru í einhvern tíma í umferðinni bílar sem ekki voru búnir beltum.“

Samkvæmt tillögum framkvæmdastjórnarinnar verða nýjar útgáfur bíla að vera með búnaðinn frá og með haustinu 2015. Þá er í skoðun að bjóða búnað sem setja megi í eldri bíla, kjósi fólk að gera það. Slíkur búnaður ætti ekki að kosta meira en 150 evrur, eða um 25 þúsund krónur. „Og mögulega gætu tryggingafélög viljað koma að því að greiða niður slíkan búnað,“ bætir Tómas við. olikr@frettabladid.is




**KLEENEX HANDÞURRKUR**
2ja laga, 100 blöð í pakka
**Verð 269 kr.**



**SALERNISPAPPÍR**
fyrir ferðaklósett og rotþrær,
2ja laga, 250 blöð, 4 rúllur/pk.
**Verð 709 kr.**

**PAPPÍR**

Í Rekstrarlandi bjóðum við mikið úrval af pappírsvörum og leggjum áherslu á umhverfisvottaðar vörur.



**NICKY ELDHUSRULLUR**
2ja laga, 50 blöð, 4 rúllur/pk.
**Verð 439 kr.**



**LJÓSRITUNARPAPPÍR**
A4 80g, 500 blöð í pakka
**Verð 999 kr.**

REKSTRARLAND

Skeifunni 11 | Sími 515 1100 www.rekstrarland.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 131772


HÚSASMIÐJAN
PALLAEFNI
Á LÆGRA VERÐI
5 ára ábyrgð og 100% verðöryggi
P5
ÁBYRGÐ
JOTUN
Húsasmiðjan býður sólpallinn
á lægra verði og 5 ára ábyrgð!
P5 ábyrgð veitir 100% verðöryggi* á heildarkostnaði.
Það þýðir að ef þú finnur betra heildarverð fyrir sólpallinn
þinn – þá jöfnum við það. Við þetta bætist 5 ára ábyrgð*
á öllu pallaefni Húsasmiðjunnar ásamt ábyrðarskírteini.
Allt pallaefni frá Húsasmiðjunni er sérvalið
AB gagnvarið timbur og vottað af
Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
10.000 kr gjafakort og
kennslumyndband
fylgir við kaup á pallaefni
Gjafa
kort
10.000 kr gjafakort og
kennslumyndband fylgir öllum
kaupum á pallaefni að
heildarverðmæti
100.000 kr eða meira
TIMBUR
MENN
* sjá nánar skilmála á www.husa.is

Laugardagar í miðbænum:

## Markaður í júlí

**MATUR** Matarmarkaður verður settur upp á laugardögum á Lækjartorgi í júlí. Fjölmargir hafa boðað þátttöku sína í markaðnum, þar á meðal Sæluostar úr sveitinni, Svandís Kandís, Sandholt og Bergsson mathús að því er fram kemur á vef Reykjavíkurborgar. Einnig er stefnt að því að hafa tónleika á torginu á þessum laugardögum og það er hljómsveitin White Signal sem ríður á vaðið næstu helgi.

Verkefnið er á vegum umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar. - ne

Landsvirkjun styrkir háskólasamfélagið um 80 milljónir króna með samningi til fimm ára:

# Rannsaka endurnýjanlega orkugjafa

**ORKUMÁL** Landsvirkjun hefur samið við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík um að efla nám og rannsóknir á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Markmiðið með samstarfinu er að skapa sameiginlegt virði fyrir Landsvirkjun, háskólana og íslenskt samfélag með stuðningi við þau fræðisvið þar sem þörf er á námi og rannsóknum. Samstarfssamningurinn er til næstu fimm ára og mun Landsvirkjun styðja háskólana um 80 milljónir króna, sem skiptist jafnt á milli skólanna.

Athöfnin fór fram í höfuðstöðvum Landsvirkjunar í gær þar sem skrifað var undir samninginn. Þar sagði Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, að lögð yrði áhersla á að efla kennslu og rannsóknir á sviði jarðefnafræði og þá helst á áhrifum og getu jarðvarmavirkjana.

Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, benti á að samstarfið ýtti undir góða nýtingu náttúruauðlinda, auk þess sem mannauður og hugvit á sviði orkumála væru virkjuð.

Í fréttatilkynningu sem Landsvirkjun sendi frá sér kemur fram að samstarfssamningurinn styðji við gildandi stefnu Landsvirkjunar um samfélagslega ábyrgð. - le



**SKAPA SAMEIGINLEGT VIRÐI** Hörður Arnarsson, Kristín Ingólfsdóttir og Ari Kristjánsson undirrita samning sem hefur það markmið að efla háskólanám og rannsóknir á sviði endurnýjanlegra orkugjafa.

Ban Ki-moon á landinu:

## Fjallar um sjálfbæra framtíð í Háskóla Íslands

**FÓLK** Ban Ki-moon, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, heldur opinn fyrirlestur í Hátíðarsal Háskóla Íslands í dag klukkan þrjú. Fyrirlesturinn ber yfirskriftina Ísland og Sameinuðu þjóðirnar: Sjálfbær framtíð fyrir alla.



**BAN KI-MOON**

Í fyrirlestrinum fjallar Ban Ki-moon um baráttuna gegn fátækt og hlutverk Sameinuðu þjóðanna við að stuðla að alþjóðafriði og öryggi.

Ban Ki-moon hefur verið aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna frá 1. janúar 2007.

Fundarstjóri verður Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands.

Ný reglugerð tekur gildi:

## Bandarískir bílstólar bannaðir

**ÖRYGGISMÁL** Breyting varð á reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum í gær.

Nú má eingöngu selja, flytja inn og nota barnabílstóla sem uppfylla evrópskar kröfur í ökutækjum. Þetta þýðir að ekki er lengur leyfilegt að kaupa barnabílstóla í Bandaríkjunum og nota hér á landi eins og fram kemur á fréttavef RÚV.

Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu er ekki ætlunin að taka upp sérstakt eftirlit með því hvort bandarískir bílstólar eru í notkun og verða slíkir bílstólar heldur ekki innkallaðir.

# Herinn setur Morsi forseta úrslitakosti og stuttan frest

Herinn í Egyptalandi hótar því að grípa inn í nái Morsi forseti ekki samkomulagi við andstæðinga sína, sem krefjast þess að hann segi af sér. Milljónir manna hafa tekið þátt í mótmælafundum gegn Morsi síðustu daga.

**EGYPTALAND** Herinn í Egyptalandi setti í gær Mohammed Morsi forseta tveggja sólarhringa frest til að „verða við kröfum almennings“. Herinn hótar því að grípa inn í nái Morsi ekki samkomulagi við andstæðinga sína, sem krefjast þess að hann segi af sér.

Milljónir manna tóku þátt í mótmælum gegn Morsi á götum Kaíró og víðar á sunnudaginn. Mikill mannfjöldi safnaðist saman í gær til að halda mótmælunum áfram.

Sverrir Agnarsson, formaður Félags múslima á Íslandi, segir að mótmælendurnir njóti stuðnings íhaldsafla í Sádi-Arabíu og Sameinuðu arabísku furstadæmunum, sem „dreymir eins og Ísraela um endurhvarf til harðstjórnartíma Mubaraks“.



**SVERRIR AGNARSSON**

Sverrir segir að gömlu spillingaröflin hafi endurnýjað sig undir forystu Ahmad Safiqs, sem tapaði naumlega fyrir Morsi í forsetakosningum á síðasta ári.

„Þeirra stefna er að kynda undir sundrunginni, helst svo mikið að herinn grípi inn í og taki völdin,“ segir Sverrir. Mótmælendurnir hafa gert það ljóst að þeir sætti sig ekki við neitt annað en afsögn Morsis. Hann hefur hafnað öllum kröfum af því tagi, en krafa hersins setur mikinn þrýsting á hann.

gudsteinn@frettabladid.is



**MÚGUR RÉÐST Á HÖFUÐSTÖÐVAR BRÆÐRALAGS MÚSLIMA Í KAÍRÓ** Margir notuðu tækifærið til að stela hvers kyns verðmætum úr húsinu.

**2011**

**25. janúar** hefjast fjöldamótmæli um land allt gegn Hosni Mubarak, sem hafði verið einráður í landinu í nærri þrjá áratugi.
**11. febrúar** Mubarak hrökklast frá völdum og felur þau hernum. Tveimur dögum síðar leysir herinn upp þingið að kröfu almennings.
**19. mars** Stjórnarskrárbreytingar samþykktar með yfirgnæfandi meirihluta í þjóðaratkvæðagreiðslu.
**28. nóvember** Þingkosningar hefjast, en eru haldnar í áföngum til 15. febrúar 2012. Íslamistar vinna glæstan sigur.

**2012**

**23.-24. maí** Fyrri umferð forsetakosninga. Mohammed Morsi og Ahmad Shafiq fá flest atkvæði.
**14. júní** Stjórnarskrárdómstóll landsins leysir upp neðri deild þingsins. Herinn bregst fljótt við og rýmir þingið.
**16.-17. júní** Seinni umferð forsetakosninga. Morsi sigrar naumlega en herforingjastjórnin tók sér aukin völd á kostnað forseta með stjórnarskrárbreytingu.
**30. júní** Morsi tekur formlega við embætti.
**12. ágúst** Morsi sendir helstu leiðtoga hersins í helgan stein og ógildir síðustu stjórnarskrárbreytingu hersins.
**19. nóvember** Fulltrúar kirkjunnar og frjálslyndra flokka segja af sér þingmennsku á stjórnlagaþinginu, sem þjóðþingið hafði stofnað til áður en neðri deild þess var send heim.
**22. nóvember** Morsi tekur sér einhliða stóraukin völd stuttu áður en dómarar hugðust kveða upp úrskurð um lögmæti stjórnlagaþings og efri deildar þingsins. Fjölmenn mótmæli brjótast út gegn Morsi.
**30. nóvember** Stjórnlagaþingið lýkur gerð nýrrar stjórnarskrár í nokkrum flýti. Mótmæli halda áfram.
**15. og 22. desember** Ný stjórnarskrá samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Kosningaþátttakan er 33 prósent, en 64 prósent þeirra studdu stjórnarskrána.

**2013**

**25. janúar** Hundruð þúsunda mæta á mótmælafundi gegn Morsi þegar tvö ár eru liðin frá upphafi mótmælanna gegn Mubarak.
**30. júní** Milljónir manna taka þátt í mótmælum í Kaíró og víðar gegn Morsi og krefjast afsagnar hans.




HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana.
Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*
Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.
Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ
Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára




ENNEMM / SÍA / NM58266

**Skráning hafin á marathon.is**

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka verður að morgni menningarnætur þann 24. ágúst. Í boði verða vegalengdir við allra hæfi og hægt að fara heilt maraþon í boðhlaupi með 2–4 þátttakendum.

Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum frá vinum og vandamönnum til stuðnings góðgerðarfélagi að eigin vali. Láttu gott af þér leiða á hlaupum.

**Við kynnum Maraþonmanninn**

Fylgstu með Pétri Jóhanni Sigfússyni búa sig undir að hlaupa hálfmaraþon í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka.

Vertu vinur:
Facebook.com/marathonmadurinn

REYKJAVÍKUR MARAÞON 30 ÁRA ÍSLANDSBANKA

Íslandsbanki, stoltur stuðningsaðili í 16 ár

Íslandsbanki



**NISSAN QASHQAI** Umboðið kallar inn ákveðnar tegundir Nissan-bíla til viðgerðar.

CVT-skipting getur snuðað:

## Innkalla 517 Nissan Qashqai

**VIÐSKIPTI** Neytendastofu hefur borist tilkynning frá BL ehf. um innköllun á 564 Nissan-bifreiðum.

„Um er að ræða 517 Nissan Qashqai framleidda á árunum 2006 til 2012 og 47 Nissan X-Trail framleidda á árunum 2006 til 2011,“ segir á vef Neytendastofu. „Ástæða innköllunarinnar er sú að við lélegt ástand vega getur reim fyrir CVT-skiptingu snuðað með þeim afleiðingum að það getur orðið vart við titring og eða gripmissi í drifhjólum.“

Akstur í þessu ástandi getur svo kallað upp bilanaljós. „Viðkomandi bifreiðareigendur munu fá sent bréf vegna þessarar innköllunar,“ segir Neytendastofa.

- óká

# Hætt að greiða ljósmæðranemum laun á Landspítala

Landspítalinn hyggst hætta að greiða hjúkrunarfræðingum í ljósmóðurfræðinámi laun á meðan þeir eru í starfsnámi. Námsbrautarstjóri segir ósamræmi hjá Landspítala í launagreiðslum vegna starfsnáms.

**MENNTUN** Hjúkrunarfræðingar í ljósmóðurfræðinámi munu frá og með miðju næsta ári ekki fá greitt fyrir verklegan hluta námsins. Helga Gottfreðsdóttir námsbrautarstjóri er ósátt við þetta. „Við höfum beðið um að samræmis sé gætt í launagreiðslum til nema í starfsnámi á spítalanum. Hjúkrunarfræðingar í skurð- og svæfingarhjúkrunarnámi fá til dæmis greidd laun.“



**HELGA GOTTFREÐSDÓTTIR**



**JÓN HILMAR FRIÐRIKSSON**

Jón Hilmar Friðriksson, framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs Landspítalans, sem sendi Helgu Gottfreðsdóttur bréf um að greiðslum yrði hætt, segir að námið í skurð- og svæfingarhjúkrun sé skipulagt af spítalanum. „Við viljum meina að þarna sé eðlismunur. Svo snýst þetta einnig um hagræðingu. Ég get ekki verið að segja upp föstu starfsfólki og draga úr starfsemi til þess að borga nemum laun.“

Jón Hilmar bendir á að nemar í ljósmóðurfræði fái núna eingöngu laun frá Landspítala og FSA en ekki öðrum stofnunum þar sem þeir eru í starfsnámi. Spurður segir hann læknanema í starfsnámi ekki fá laun. Hins vegar fái útskrifaðir nemar á kandídatsári laun þar sem þá séu þeir starfsmenn spítalans.

Helga segir nemendur á fyrra ári í ljósmóðurfræði hafa verið á launum þar til fyrir nokkrum árum. Síðan hafi hluti greiðslnanna á öðru ári verið afnuminn og nú eigi að afnema allar greiðslur. „Þetta er tveggja ára nám og 65 til 70 prósent þess er klínískt nám. Nemarnir fara á allar vaktir og það hefur komið deildunum ágætlega. Við berum ábyrgð á bóklega þætti námsins en spítalinn á klíníska þættinum. Við tökum inn tíu nemendur á ári og af þeim hefur nú einn dregið umsókn sína til baka vegna fyrirsjáanlegs launaleysis. Það er ekki hægt að læra ljósmóðurfræði nema vera í mikilli vinnu. Þetta er lítill hópur og viðkvæmur en þetta er sá fjöldi sem við þurfum til þess að viðhalda þeirri þjónustu sem ljósmæður standa fyrir. Ég veit ekki hvaða áhrif þetta hefur inn í framtíðina.“

Námsbrautarstjórinn tekur það fram að hún vilji ekki að hreyft verði við launum annarra nema. „Við köllum hins vegar eftir samræmi og vonum að spítalinn endurskoði ákvörðun sína.“

ibs@frettabladid.is




**LANDSPÍTALI** Nemar í ljósmóðurfræði ganga allar vaktir, að sögn námsbrautarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Ljósmóðurfræðinám

Árlega sækja 25 til 30 um nám í ljósmóðurfræði en tíu eru teknir inn. Inntökuskilyrði er próf í hjúkrunarfræði, viðurkennt í því landi þar sem námið var stundað, og íslenskt hjúkrunarleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Um er að ræða tveggja ára nám.





UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI

**Nýr Hyundai i20 með 1,1l dísilvél er einn sparneytnasti millistærðarbíll sem völ er á.**

Öllum nýjum Hyundai bílum fylgir 5 ára ábyrgð og ótakmarkaður akstur auk árlegra öryggis- og viðhaldsskoðana sem eru viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Við bjóðum ykkur velkomin í hóp ánægðra Hyundai eigenda.

Hyundai í Kauptúni 1 er opið frá kl. 07.45–18.00 alla virka daga og 12.00–16.00 á laugardögum.

HYUNDAI
Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

B|L Hyundai / BL ehf. Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

## HEIMURINN




### Vonir mormóna vakna

**1 BANDARÍKIN** Viðurkenning Hæstaréttar Bandaríkjanna á hjónaböndum samkynhneigðra vekur mormónum von um að fjölkvænishefð þeirra verði einnig viðurkennd. Stuðningsmenn fjölkvænis segja að þar séu á ferðinni fullorðnir einstaklingar sem búa saman í gagnkvæmu samkomulagi, þótt viðurkenning samfélagsins sé ekki fyrir hendi.

### Gert skylt að heimsækja



**2 KÍNA** Í Kína hafa gengið í gildi ný lög sem skylda fólk til að heimsækja eða hafa reglulega samband við aldraða foreldra sína. Við brotum liggja sektir eða jafnvel fangavist. Í lögunum segir að fullorðin börn aldraðra eigi að láta sig varða andlegar þarfir foreldra sinna og „aldrei vanrækja eða lítilsvirða aldrað fólk“. Nýju lögin hafa verið gagnrýnd fyrir það að erfitt geti reynst að framfylgja þeim. Stjórnvöld segja lögin hins vegar fyrst og fremst hafa verið sett til að brýna fyrir fólki að gleyma ekki öldruðum foreldrum sínum.

### Fékk handleggsbeinin aftur

**3 VÍETNAM** Nguyen Quang Hung varð furðulostinn þegar bandarískur læknir að nafni Sam Axelrad hafði samband við hann og sagðist hafa í fórum sín bein úr handlegg, sem hann tók af Hung árið 1966 í miðju Víetnamstríðinu. Axelrad gerði sér ferð til Víetnams og afhenti Hung beinin þar í gær. Axelrad segist hafa farið með beinin heim og geymt þau til að minna sig á að á sínum tíma hafi hann bjargað lífi eins af óvinum sínum.



**MOSFELLSBÆR** Langtímamarkmið áætlunar gegn hávaða er að í engu húsnæði verði mikill umferðarhávaði.

Mosfellsbær gegn hávaða:

## Leggur drög að hávaðaáætlun

**SAMFÉLAGSMÁL** Mosfellsbær kynnir nú drög að aðgerðaráætlun gegn hávaða fyrir árin 2013-2018. Gerð hennar er hluti af tilskipun Evrópusambandsins um umhverfishávaða. Áætlunin hefur það markmið að draga úr hávaða og óæskilegum áhrifum hávaða.

Langtímamarkmið áætlunarinnar er að í engu íbúðarhúsnæði verði hærra hljóðstig frá umferð en 55 desíbel. Áætlunin er í mótun og bæjarbúum og öðrum hagsmunaaðilum er gefinn kostur á að koma á framfæri skriflegum ábendingum þangað til 1. ágúst næstkomandi. - ne



**SKOÐUN LOKIÐ** Núna um mánaðamótin tóku gildi lög um Samgöngustofu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fer úr 400 krónum í 500:

## Umferðaröryggisgjald hækkar

**SAMGÖNGUR** Umferðaröryggisgjald sem innheimt er við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta, hækkaði núna um mánaðamótin úr 400 krónum í 500 krónur. Í tólftu grein laga númer 119/2012 um Samgöngustofu, sem gildi tóku í gær, er kveðið á um hækkunina.

„Í lögunum segir að leggja skuli á sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Samgöngustofu að fjárhæð 500 krónur,“ segir á vef Umferðarstofu, en ráðherra setur reglur um innheimtu gjaldsins og skil þess í ríkissjóð. - óká

**TÖLVUR**

### Firefox hraðasti vafrinn

Mozilla Firefox er hraðasti netvafrinn samkvæmt nýrri prófun tæknivefsíðunnar Tom's Hardware. Prófaðir voru nokkrir vafrar og varð röðin þessi: Firefox, Chrome, Opera Next, IE 10 og Opera. Lítill munur var þó á þremur efstu vöfrunum.



Undirskriftasafnanir nýjasta æðið.

# Við viljum fransbrauð!

Undirskriftasafnanir virðast vera orðnar nýjasta della Íslendinga. Hver slík söfnunin rekur aðra og það virðast lítil takmörk fyrir hugmyndaauðgi fólks þegar kemur að því að velja málefni í þær eins og ein sú nýjasta, þar sem fólk er beðið að skrifa undir áskorun um betra veður, ber með sér. Sú söfnun er þó varla alvarlega meint en það að henni skuli hafa verið ýtt á flot ber þess merki að trúin á undramátt undirskriftasafnana sé við góða heilsu.



Friðrika Benónýsdóttir

fridrikab@frettabladid.is

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, vildi í samtali við Vísi í gær alfarið gera forsetann ábyrgan fyrir þessari trú á undirskriftasafnanir. „Forsetinn kom þessum bolta af stað með því að vísa til undirskriftasafnana í synjunum sínum á lögum. Fólk hefur bara tekið við þeim bolta og reynir að gera sér eins mikinn mat úr því og það getur,“ sagði prófessorinn. En hvaða matur er það? Dettur einhverjum í hug að þessar safnanir hafi einhver áhrif í þá átt að fá stjórnvöld til að breyta áformum sínum? Að Ólafur Ragnar neiti að skrifa undir lög um breytingar á veiðigjaldi þótt honum berist slíkur nafnalisti? Eða að Illugi Gunnarsson lyppist niður eins og húðskammaður smástrákur þótt fólk skrifi undir áskorun um að hætta við breytingar á úthlutunarreglum LÍN? Látið ykkur dreyma!

Þessi aðferð við að koma vilja sínum á framfæri er reyndar nokkurt umhugsunarefni. Hana notuðu Íslendingar árhundruðum saman til að reyna að ná fram kröfum sínum við Danakóng, en árangurinn varð nú ekki stórkostlegur. Þeir höfðu það reyndar sér til afsökunar að þeir höfðu ekkert um það að segja hvaða einvaldur sat á konungsstóli. Þeir máttu ekki kjósa og þessar bænaskrár sem þeir sendu sí og æ voru ein af fáum leiðum sem þeir gátu nýtt til að koma kvörtunarefnum sínum á framfæri við stjórnvöld. Þann veruleika búum við ekki við í dag. Við höfum kosningarétt. Það erum við sem stjórnum því hverjir halda um stjórnartaumana og eðlilegasta leiðin til að koma því á framfæri hvers við ætlumst af stjórnvöldum er einfaldlega að velja þá sem við treystum til að framfylgja hugðarefnum okkar á þingi. Það þýðir lítið að reka upp ramakvein að kosningum loknum og kvarta og kveina yfir að stjórnmálamenn hlusti ekki á almenning. Þeir hlustuðu á atkvæðin ykkar, þeir sitja í umboði kjósenda. Ef þið hafið áhuga á að hugðarefni ykkar séu í náðinni hjá stjórnvöldum er þjóðráð að hugsa aðeins um það til hvers maður ætlast af þeim áður en x-inu er skellt á kosningaseðilinn. Það er nefnilega þannig sem fulltrúalýðræði virkar. Fjörutíu þúsund nöfn á blaði ná aldrei að hnika ákvörðunum kónga eða forseta, þeir halda sínu striki á þann hátt sem þeim hentar best. Hafa alltaf gert og munu alltaf gera. Það þarf nú engan Shakespeare til að segja manni það.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

**Vertu í formi** í sumar

Ný námskeið hefjast
8. og 9. júlí

Kvennaleikfimi
Mán., mið. og fös. kl. 16:30

Leikfimi fyrir 60 ára og eldri
Mán. og mið. kl. 11:00

Zumba og Zumba Toning
Þri. og fim. kl. 16:30



HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ísleiðbeiningar

Eftirtektarverðasta viðtalið sem birtist í fjölmiðlum í aðdraganda kosninganna í vor var viðtal Sigríðar Daggar Auðunsdóttur við Sigmund Davíð Gunnlaugsson í Fréttatímanum, undir yfirskriftinni „Ísbíltúr með verðandi forsætisráðherra“. Sigmundur var ekki sáttur við viðtalið – fannst blaðamaðurinn og skoðanir hans helst til áberandi – en spá blaðsins um ráðherratignina gekk eftir. Og nú lesum við um það í stjórnartíðindum að eitt af fyrstu verkum hins opinbera undir stjórn Sigmundar hafi verið að hanna umferðarskilti sem vísar vegfarendum á ísbúðir.



### Skipt um skoðun

Þegar Björgólfur Jóhannsson var formaður LÍÚ var hann andstæðingur Evrópusambandsins, talaði gegn því að Íslendingar ættu eitthvað saman við það að sælda enda þjónaði það ekki okkar hagsmunum. Nokkrum árum síðar varð Björgólfur Jóhannsson formaður Samtaka atvinnulífsins. Þá birtist hann opinberlega og sagði að ljúka skyldi aðildarviðræðunum. Því áttu menn tæpast von á.



### Áfram bjartsýnn?

Þetta er rifjað upp vegna þess að í gær var tilkynnt um nýjan framkvæmdastjóra LÍÚ. Hann heitir Kolbeinn Árnason og er lögfræðingur. Kolbeinn þessi er býsna fróður um sjávarútveg og hefur gegnt formennsku í samninganefnd Íslands um sjávarútvegsmál í aðildarviðræðunum við ESB. Sem slíkur tjáði hann sig um Evrópumál í sérstöku blaði um sjávarútvegsmál fyrir rúmu hálfu ári og sagðist bjartsýnn á að Íslandi byðust sérlausnir í málaflokknum. Nú er að sjá hvort þessi afstaða hans breytist með nýju starfi. Og eins hvort Friðrik J. Arngrímsson, sem hann tekur við af, gerist skyndilega ESB-sympatískur við það að hverfa á braut.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Leggjum af Landsdóm strax

LANDSDÓMUR



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

Þing Evrópuráðsins hefur samþykkt ályktun um aðskilnað refsiábyrgðar og stjórnmálalegrar ábyrgðar stjórnmálamanna. Þá ályktun ber okkur að taka alvarlega, enda Evrópuráðið lykilstofnun í uppbyggingu lýðræðis og mannréttinda í Evrópu undanfarna áratugi.

Ráðið leggur áherslu á að forðast skuli sérstakt fyrirkomulag málssókna vegna brota stjórnmálamanna í starfi og að almennar leikreglur eigi að gilda um stjórnmálamenn sem aðra borgara. Ekki beri að refsa mönnum fyrir pólitískar ákvarðanir eða pólitískt mat, heldur eigi stjórnmálamenn að svara fyrir þær í kosningum.

Landsdómsmálið var okkur ekki til virðingarauka og gerði íslenskum stjórnmálum ekkert gott.

Þessi niðurstaða á að skapa samstöðu á vettvangi stjórnmála á Íslandi um að leggja af Landsdóm. Samfylkingin hefur ávallt verið mótfallin því að sérúrræði gildi um refsiábyrgð stjórnmálamanna og nægir að minna á margítrekaðan tillöguflutning Jóhönnu Sigurðardóttur þess efnis á fyrri tíð.

Slíkar tillögur fengust þá aldrei afgreiddar. Þótt flestir gætu verið sammála um að ákvæði um Landsdóm væru óskynsamleg, voru einhvern veginn önnur verkefni brýnni. Og til að leggja af Landsdóm þurfti að breyta stjórnarskrá og þær breytingar hafa alltaf verið afar flóknar í framkvæmd.

**➔Nú höfum við algerlega nýtt tækifæri til að taka til í stjórnskipun landsins og hreinsa af okkur óværu eins og ákvæðin um Landsdóm.**

Nú höfum við algerlega nýtt tækifæri til að taka til í stjórnskipun landsins og hreinsa af okkur óværu eins og ákvæðin um Landsdóm. Fyrir Alþingi liggur til staðfestingar nýtt frumvarp til stjórnskipunarlaga, sem ég er fyrsti flutningsmaður að, sem gerir okkur kleift að gera breytingar á stjórnarskrá án þingrofs og kosninga á yfirstandandi kjörtímabili. Allt sem þarf er að samþykkja það frumvarp og leggja síðan tillögu til stjórnarskrárbreytingar fyrir þjóðina.

Það er því gríðarlegt lag fyrir stjórnarskrárumbætur núna.

Það er engin þörf að ýta lengur á undan okkur sjálfsögðum breytingum á stjórnarskrá.

Við höfum einstakt tækifæri til að laga það sem laga þarf og gefa þjóðinni í fyrsta sinn fullnaðarvald til stjórnarskrárbreytinga.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is,* Sigríður Björg Tómasdóttir, *sigridur@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Prump og hægðatruflanir

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Það er merkileg staðreynd að prump er okkur öllum nauðsynlegt, alveg sama hvað okkur kann að þykja það lítið kurteist að leysa vind, þá þurfum við að skila frá okkur lofti reglulega. Það er líka merkilegt hvað vindgangur er oft ástæða kátínu og hlátraskalla. Flestum þykir pínlegt að freta í kringum aðra og að verða uppvísir að þessu athæfi, aðrir skellihlæja að eigin skítalykt. Á þetta bæði við um börn sem fullorðna og er í sjálfu sér að einhverju marki mannlegt eðli sem við flest þekkjum eða höfum orðið vitni að.

Læknastéttin er líklega ein fárra sem spyr einstaklinga reglubundið um það hvort þeir hafi leyst vind og sýnir þessu athæfi einlægan áhuga. Við viljum vita heilmikið um vindgang viðkomandi og nú kynni einhver að hlæja, en satt að segja geta slíkar spurningar verið lykillinn að greiningu á sjúkdómum. Þá sérstaklega í samhengi við hægðir, hægðavenjur og breytingar á starfssemi meltingarfæranna. Ýmsir bólgusjúkdómar og óþolssjúkdómar geta haft umtalsverð áhrif en einnig samsetning næringar okkar. Það er alveg eðlilegt að litur, form, tíðni og lykt séu breytileg. Finnist hins vegar ekki eðlileg skýring, eða til viðbótar við ofangreind einkenni komi fram verkir, blóð, slím eða hiti er eðlilegt að leita aðstoðar læknis.

### Aldur skiptir máli

Það skiptir verulegu máli á hvaða aldri viðkomandi einstaklingur er þegar hann finnur fyrir breytingu á hægðavenjum. Sérstaklega er mikilvægt ef einstaklingar sem eru orðnir eldri en fimmtugir finna fyrir slíku, en eftir þann aldur eru bæði kynin í svokallaðri meðaláhættu fyrir ristilkrabbameini og er ráðlagt að skima fyrir slíku meini hjá báðum kynjum í þeim aldurshópi. Þeir sem yngri eru fá sjaldan slík mein þó það komi fyrir og þarf að hafa það í huga við uppvinnslu og einkenni sjúklings. Mismunagreiningar eru nokkrar en þar má nefna ristilbólgusjúkdómana og iðraólgu sem mikilvægt er að átta sig á en rétt greining og meðferð getur skipt sköpum fyrir þá einstaklinga sem þjást af þessum sjúkdómum.

Algengasta orsökin fyrir breytingum er þó líklega breyting á mataræði og lífsstíll viðkomandi. Nægir þar að nefna sem dæmi mikla próteinneyslu sem leiðir oftsinnis af sér hvimleiðan vindgang, en einnig mögulega hægðatregðu sem getur gert illt verra bæði hvað varðar lykt og uppþembu sem er vond aukaverkun líkamsdýrkunar. En það eru einnig ansi margar tegundir fæðu sem geta haft viðlíka áhrif. Sennilega eru baunir þar einna þekktastar og ýmiss konar lauktegundir og kolvetna- og trefjarík fæða eins og kartöflur, spergilkál, blómkál og hnetur svo eitthvað sé nefnt. Þeir sem eru með mjólkuróþol eða þjást af glutenóþoli finna líka fyrir uppþembu og vindgangi reglubundið sem byggir á vandamálum við niðurbrot mjólkursykurs annars vegar og ónæmis- eða ofnæmisviðbragði hins vegar.

> Læknar eru líklega ein fárra stétta sem spyr einstaklinga reglubundið um það hvort þeir hafi leyst vind og sýnir þessu athæfi einlægan áhuga. Við viljum vita heilmikið um vindgang viðkomandi og nú kynni einhver að hlæja, en satt að segja geta slíkar spurningar verið lykillinn að greiningu á sjúkdómum.

### Ýmis ráð til að draga úr vindgangi

Það er bakteríuflóran í ristlinum sem skapar alla jafna það loft sem við þurfum að losa. Hún myndar einnig þá lykt sem finnst þegar fólk prumpar en hún tengist brennisteinsvetni og öðrum efnasamböndum. Af þessu má ráða að röskun á þessari bakteríuflóru til dæmis af völdum sýklalyfja getur haft veruleg áhrif auk mataræðis. Ýmsar leiðir eru til þess að draga úr vindgangi og eru flestar þeirra byggðar á því að skoða mataræði og lífsstíl. Þó eru til sértækar aðferðir sem er áhugavert að minnast á. Þá er reynt að hafa áhrif á verki og uppþembu, magn eða tíðni og svo lykt.

Í þeirri viðleitni að draga úr uppþembu og verkjum hafa verið notuð efni sem draga úr yfirborðsspennu eins og hjá ungabörnum – sýklalyf og jógúrtgerlar koma þarna einnig við sögu. Þegar reynt er að stýra magni eða framleiðslu er notast við ýmis krydd eins og kúmen, kóríander, túrmerik, þara og ýmis fleiri. Lifandi jógúrtgerlar eins og acidophilus eiga þarna sess auk þess sem meltingarensími eru gefin, sér í lagi þegar sýnt er að þau skortir einhverra hluta vegna. Merkilegasta nálgunin er þó að reyna að eiga við lykt og hafa misgáfulegar nálganir verið þar uppi. Algengast er að nota bismut-afleiður sem hafa sýnt árangur, sumir vilja meina að kol hafi áhrif en einnig hafa verið framleidd sérhönnuð nærföt svo eitthvað sé nefnt.

Prump er því eðlilegt og félagslega áhugavert, en er einnig mikilvægt í samhengi við fjöldamarga sjúkdóma og er því öllum hollt að meta það reglulega – hvort heldur í leyni eða í félagsskap við aðra. Góðar stundir!

## AF NETINU

### Viljalausar dúkkur

Ég sem einhverskonar íslenskur kvikmyndagerðarmaður hef sjaldan þorað að ulla því út úr mér, en hér helgar tilgangurinn meðalið: Mér leiðast yfirleitt íslenskar bíómyndir. Oftast, ekki alltaf.

Þetta er í rauninni sáraeinfalt, þar sem ég finn enga samsvörun, samhljóm, ég tengi ekki við söguheim eða rödd sögumanns þar sem konur eru annað hvort hórur eða mömmur. Þar sem þær eru viljalausar dúkkur eða skraut. Ég verð þreytt á þessu og mig langar bara að gera eitthvað annað. Klappa ímyndaða kettinum mínum.

skrifandi.blogspot.com
*Nína Salvarar*

### Eitthvað rotið í LV-ríki?

Orðatiltækið um hegða sér eins og „ríki í ríkinu“ á vel við um nýjasta uppátæki stjórnenda Landsvirkjunar. Í dag var tilkynnt að þetta risavaxna virkjunar- og veitubatterí okkar Íslendinga ætli sér að „styrkja“ tvo háskóla um samtals 80 milljónir króna.

Tilgangurinn er að sögn að efla þessa skóla og rannsóknir á endurnýjanlegum orkugjöfum. Sem er auðvitað göfugt markmið og gott mál út af fyrir sig. En með fullri virðingu fyrir ágætum stjórnendum Landsvirkjunar þá er þetta algjör della.

Við þurfum bara eitt ríkisvald. Umframpeningar sem ríkisfyrirtæki afla eiga að fara beina leið í ríkissjóð.

blog.pressan.is/andresjons
*Andrés Jónsson*


# Úlfljótsvatnshátíð

## 6.-7. júlí 2013

### Laugardagur 6. júlí

Kl. 12:00 **Úlfljótsvatnskirkja. Herra Pétur Bürcher** biskup syngur kaþólska messu

**Úlfljótsvatnsskáli (við veg 350).**
**Dagskrárstjórn: Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar**

Kl. 12:00- 17:00 **Myndasýning frá ýmsum tímum af fólki á Úlfljótsvatni við leik og störf**
(Sýningin verður opin á sama tíma á sunnudeginum)
Kl. 13:15 **Flutt stutt erindi um Úlfljótsvatn og sungin lög úr héraði**
**Fuglalífið: Jóhann Óli Hilmarsson** fuglafræðingur
**Urriðinn: Jóhannes Sturlaugsson** líffræðingur
**Fornminjar: Bjarni F. Einarsson** fornleifafræðingur
**Kyrjukór Þorlákshafnar. Stjórnandi Sigurbjörg H. Magnúsdóttir**
Kl. 14:30 **Gönguferð um nágrennið. Brottför frá Úlfljótsvatnsskála**
**Göngustjórn: Skógræktarfélag Íslands**
Kl. 16:00 **Göngulok**

### Sunnudagur 7. júlí

Kl. 12.00 **Úlfljótsvatnskirkja. Frú Agnes M. Sigurðardóttir** biskup Íslands predikar

**Strýtan, Samkomuhús skáta (við veg 35).**
**Dagskrárstjórn: Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni**

Kl. 13:15 **Trompetleikur: Jóhann I. Stefánsson**
**Sagnir frá Úlfljótsvatni: Elva Brá Jensdóttir** íslenskufræðingur
**Minningar: Björgvin Magnússon** fyrrv. skólastjóri **og Edda Björgvinsdóttir** leikari
**Tríó - Suð: Margrét Stefánsdóttir** sópran, **Jóhann I. Stefánsson** trompet **og**
**Hilmar Örn Agnarsson** píanó, flytja lög og ljóð sunnlenskra skálda.
Kl. 14:30 **Hópferð með rútu um Grafning. Brottför frá Strýtu. Umsjón: Hollvinir Grímsness**
**Fararstjóri: Unnur Halldórsdóttir**
**Guðfinna S. Ragnarsdóttir og Anna Soffía Óskarsdóttir** flytja fróðleik og segja sögur
**Fargjald 2.000 kr. Skráning fyrir 5. júlí hjá Jónínu Loftsdóttur í síma 694 1913**
**Takmarkað sætaframboð**
17:00 **Ferðarlok**




**Aðgangur er ókeypis**
**Útvarpað verður frá messunum um nágrennið á FM 89,9**

**Upplýsingar veitir Guðmundur Guðmundsson, í síma 899 3267**
**www.hollvinir.blog.is**

JÓB

FORLAGIÐ
Menningarráð Suðurlands
HOLLVINIR GRÍMSNESS



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**RAGNAR LÚÐVÍK JÓNSSON**
**Böðvarsgötu 7,**
**Borgarnesi,**

andaðist á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, föstudaginn 28. júní. Jarðsungið verður frá Borgarneskirkju þriðjudaginn 9. júlí kl. 14.00.

**Anna Guðrún Georgsdóttir**
**Rúnar og Dóra Axelsdóttir**
**Steinar og Jónína Númadóttir**
**Þóra og Gísli Kristófersson**
**Jón Georg og Helga Ingibjörg Kristjánsdóttir**
**Ragnheiður Elín og Björn Yngvi Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

**JÓNS GUNNARSSONAR**
**flugstjóra.**

**F.h. aðstandenda,**
**Valdimar Gunnarsson**



✝

Þökkum vináttu og hlýhug við andlát og útför

**VALS HARALDSSONAR**
**frá Stóra-Núpi.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á Hjúkrunarheimilinu Mörk.

**Aðstandendur**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**GUÐLAUG ÞORLEIFSDÓTTIR**
**Árakri 5, Garðabæ,**

lést 24. júní sl. á LSH. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju í dag, þriðjudaginn 2. júlí, kl. 13.00.

**Stefanía Óskarsdóttir** — **Jón Atli Benediktsson**
**Herdís Óskarsdóttir** — **Sæmundur Valdimarsson**
**Þorleifur Óskarsson** — **Kristrún Lilja Daðadóttir**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRA SIGRÚN GUNNARSDÓTTIR**

varð bráðkvödd að heimili sínu, Jörfa á Kjalarnesi föstudaginn 29. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Eggert Ólafsson**
**Guðrún Eggertsdóttir** — **Jón Viðar Óskarsson**
**Kristín Eggertsdóttir** — **Kjartan Flosason**
**Stella Bára Eggertsdóttir**
**Gunnar Þór Eggertsson** — **Stephenie Surby**
**Sigrún Eggertsdóttir**
**Ólöf Dröfn Eggertsdóttir** — **Adam Drennan**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNLAUGUR PÁLMI STEINDÓRSSON**
**forstjóri,**
**Sóltúni 10, Reykjavík,**

sem andaðist á heimili sínu þann 21. júní, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 3. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Steindór Gunnlaugsson** — **Halldóra Lydía Þórðardóttir**
**Haraldur Páll Gunnlaugsson** — **Bolette Møller Christensen**
**Bryndís Dögg Steindórsdóttir** — **Haukur Eggertsson**
**Gunnlaugur Egill Steindórsson**
**Karla Baasch Christensen**
**Emilía Björk Hauksdóttir**



**SIGRÍÐUR Á.** Hefur orðið tíma til að rækta eigin garð eftir að hún hætti að sinna verkfræðistörfum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Vildi forðast að lenda í kvennafarvegi

Fjórar konur sem fyrstar íslenskra kvenna luku verkfræðiprófi voru heiðraðar fyrir skemmstu af kvennanefnd Verkfræðingafélagsins. Ein þeirra er Sigríður Á. Ásgrímsdóttir.

„Sem unglingi gekk mér frekar vel í stærðfræði, eðlisfræði og teikningu og sú hugsun var rík í mér að láta kynferði mitt ekki aftra mér frá því að læra það sem mér dytti í hug. Ég vildi verða sjálfstæð í lífinu og umfram allt forðast að lenda í einhverjum kvennafarvegi,“ segir Sigríður Á. Ásgrímsdóttir sem lauk námi í rafmagnsverkfræði árið 1968 fyrst íslenskra kvenna. „Ég átti tvær föðursystur sem voru einhleypar og barnlausar, alltaf flottar dömur og ekki bundnar á klafa hjónabands, barneigna og heimilisbasls. Í mínum huga var það stórglæsilegt. Ég var samt ekki í neinni kvenfrelsisbaráttu nema fyrir sjálfa mig,“ tekur hún fram.

Sigríður hlaut viðurkenningu nýlega frá kvennadeild Verkfræðingafélagsins, ásamt þremur öðrum íslenskum konum sem riðu á vaðið í verkfræðinámi. „Ég hefði viljað fara í arkitektúr en sú grein var ekki kennd hér á landi og fjárhagsins vegna varð ég að fara í eitthvað sem var kennt við Háskóla Íslands. Verkfræðin varð fyrir valinu. Ég vissi ekkert hvernig mér myndi líka námið en huggaði mig við að fyrst ég væri hér heima gæti ég séð mig um hönd og farið í annað. Þá var tveggja ára nám í byggingarverkfræði í boði við HÍ og ekki hægt að útskrifa verkfræðinga á Íslandi heldur samið við tækniháskólann í Þrándheimi og verkfræðiskólann í Kaupmannahöfn um taka við nemendum þannig að þeir lykju náminu þar.“



**BRAUTRYÐJENDUR** Jóhanna Harpa Árnadóttir, fyrrverandi formaður VFÍ, Kristján Hallberg sem tók við viðurkenningu móður sinnar, Kristínar Kristjánsdóttur Hallberg, sem er látin en lauk prófi í efnaverkfræði 1945, Guðrún Hallgrímsdóttir sem lauk prófi í matvælaverkfræði 1968, Sigrún Helgadóttir sem lauk prófi í byggingarverkfræði 1966, Sigríður Á. Ásgrímsdóttir rafmagnsverkfræðingur og Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, sem afhenti viðurkenningarnar.

Sigríður skellti sér til Þrándheims í rafmagnsverkfræði þó sú grein rúmaðist ekki innan þess samnings sem var á milli háskólanna. „Ég þurfti að taka aukafög og leggja mikið á mig. Þetta var púl en mér tókst að ljúka náminu, án þess að bæta við ári,“ rifjar hún upp. Hún var eina konan í rafmagnsverkfræði í Þrándheimi á þeim tíma. „Stúlkurnar fóru frekar í efnaverkfræði og matvælaverkfræði,“ segir hún.

Hvernig gekk svo þegar heim var komið? „Það var kreppa þá og atvinnuleysi og ég fékk ekki starf við það sem ég hafði sérhæft mig í í Noregi. En ég fékk vinnu almenns eðlis sem rafmagnsverkfræðingur hjá Orkustofnun og síðar hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Um tíma fékkst ég líka við kennslu,“ segir Sigríður, sem fljótlega eftir heimkomuna var komin með fjölskyldu. „Ég kynntist manninum mínum í vinnunni. Við vorum sett saman á skrifstofu og bara bingó. Þetta var allt orkumálastjóra að kenna!“

Sigríður hætti verkfræðistörfum fyrir þremur árum. „Nú er ég bara að sinna garðinum, spila á gítar, syngja í kór, passa barnabörn, sauma og allt mögulegt skemmtilegt sem ég hafði engan tíma til þegar ég var að vinna utan heimilis.“

gun@frettabladid.is



✝

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, systir, amma, langamma og langalangamma,

**SIGRÍÐUR MATTHILDUR ARNÓRSDÓTTIR**

verður jarðsungin frá Húsavíkurkirkju miðvikudaginn 3. júlí kl. 14.00. Blóm afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á gjafasjóð Hvamms á Húsavík reikn. 192-15-383338, kt. 511298-29699.

**Arnrún Sigfúsdóttir** — **Eiður Guðjohnsen**
**Arnór Guðjohnsen** — **Anna Borg**
**Ragnheiður Guðjohnsen** — **Aðalsteinn Sigurðsson**
**Sigríður Matthildur Guðjohnsen** — **Björgvin I. Ormarsson**
**Þóra Kristín Guðjohnsen** — **Andrew Michell**
**Kári Arnórsson**
**Herdís Þuríður Arnórsdóttir**
**Hörður Arnórsson**
**langömmu- og langalangömmubörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HALLGRÍMUR SÆMUNDSSON**
**kennari**
**Goðatúni 10, Garðabæ,**

sem andaðist á heimili sínu laugardaginn 22. júní verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju fimmtudaginn 4. júlí klukkan 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á hjúkrunarþjónustu Karitas.

**Lovísa Óskarsdóttir**
**Óskar Hallgrímsson** — **Elín Björg Magnúsdóttir**
**Vigfús Hallgrímsson**
**Kristín Hallgrímsdóttir** — **Arnór Snorrason**
**Þorsteinn Hallgrímsson** — **Auður Egilsdóttir**
**Guðrún Hallgrímsdóttir** — **Guðmundur Ýmir Bragason**
**Hallmundur Hallgrímsson** — **Asti Tyas Nurhidayati**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



## LAUGAVEGSGANGA

**Ferðafélagið Útivist fer Laugavegsgöngu, það er leiðin á milli Landmannalauga og Þórsmerkur, á morgun og fram á sunnudag. Gengið er inn í Bása þar sem afrekinu verður fagnað með grillveislu í fögru umhverfi. Farið er kl. 8.30 í fyrramálið en fararstjóri er Hannes Snorri Helgason.**

TÆKIFÆRISGJAFIR
f. 12 m. með fylgihl.
Margar gerðir
TILBOÐ
Mikið af flottum tilboðum
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

Vor/sumar 2013
Útsalan er hafin
DIMMALIMM
Laugavegi 53 | Sími 552 3737 | Opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-17
Kutavakε IANA BIMBUS mayoral Brums

friendtex
40-70%
ÖLL BARNAFÖT
SOO. DK MEÐ
50 % AFSLÆTTI OG
3 FLÍKIN FRÍ
opnunartími 11.00 -18.00 mánud -föstud.
lokað á laugardögum
Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is




**OFURFÆÐA** Sif Garðarsdóttir heilsumarkþjálfi mælir með hampróteini.

MYND/JÓNAS HALLGRÍMSSON

# AUKIN ORKA MEÐ HAMPPRÓTEINI

**SÚPERSPORT KYNNIR** *Sif mælir með hamppróteini frá GOOD.*

Sif Garðarsdóttir er heilsumarkþjálfi ásamt því að vera einkaþjálfari og höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferðaraðili. Sif hefur starfað sem einkaþjálfari í yfir fimmtán ár. Hún stundaði nám í heilsumarkþjálfun við hinn virta skóla Institute for Intergrative Nutrition í New York og útskrifaðist haustið 2011.

„Stór hluti af minni vinnu snýst um að leiðbeina fólki með mataræði og ég legg alltaf áherslu á að borða fæðu í sem hreinasta formi og hafa gott jafnvægi í mataræðinu.“

Hamppróteinið, eða hampfræin sem það er unnið úr, hefur verið nefnd ein fullkomnasta fæðan hvað næringuna varðar. Hampprótein er plöntuprótein unnið úr hampfræjum sem innihalda mjög hátt gildi hágæða próteina og omega-fitusýrurnar 6 og 3 í ákjósanlegu hlutföllunum 3:1. Hampprótein inniheldur allar þær níu lífsnauðsynlegu amínósýrur sem líkaminn framleiðir ekki sjálfur.

„Hampfræin og próteinið eru hrein fæða eða hráfæði. Þetta er auðmeltanlegt og næringarríkt fæði og hefur því komið sem himnasending inn í ráðgjöf mína í næringu, því það er svo mikið af öðrum próteinum á markaðnum sem eru það ekki, heldur bara þvert á móti! Margir skjólstæðinga minna hafa einmitt greint frá því að þeir finni alls enga uppþembu eða meltingarvandamál af hamppróteininu eins og af mysupróteini og öðrum próteindrykkjum.“

„Prótein er mikilvægur þáttur í mataræði okkar og virðist því miður oft vera í of litlu magni í almennu mataræði. Ég hef varla farið yfir matardagbók án þess að hafa þurft að setja út á of mikið magn kolvetna og of lítið af próteini og þar sem ég leitast við að ráðleggja skjólstæðingum mínum að neyta fæðunnar í sem hreinasta formi get ég eindregið mælt með hamppróteininu frá Good Hemp Nutrition sem fæst hjá Súpersporti í Álfheimum 2.“

„Vegna þeirrar staðreyndar að hampprótein er hrein og næringarrík náttúruafurð með auðmeltanlegt prótein og trefjar ásamt því að innihalda góðar fitusýrur þá mæli ég með að fólk prófi það og finni muninn á sér.“

Þetta er vara sem ég mæli ekki einungis með fyrir fólk sem stundar hreyfingu heldur er þetta alhliða góð næring fyrir fólk á öllum aldri sem vill bæta ofurfæðu við mataræðið sitt og fá þannig aukna orku og vellíðan.“




***Nánari upplýsingar á www.sifgardars.is og www.supersport.is www.facebook.com/supersport***

Stuðningsstöngin
LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ
Yfir 8000 ánægðir notendur á Íslandi
Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.
- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.
- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.
Vilji vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is
Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.




F
**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427






**SUNDHETTUR Í SKÆRUM LITUM** Sýnileiki er mikilvægur í sjósundinu til þess að gæslumenn hafi yfirsýn yfir hópinn. MYND/VALGARÐUR

# SUND Í BÁTAFYLGD

**SYNT FRÁ BESSASTÖÐUM** *Sjósund- og sjóbaðsfélag Reykjavíkur, SJÓR, stendur fyrir hópsundi frá Bessastöðum til Nauthólsvíkur, næstkomandi fimmtudag, 4. júlí. Sundið er ætlað þeim sem reynslu hafa af sjósundi.*

Bessastaðasundið er eitt af löngu sundunum okkar sem við bjóðum upp á í sumar, en þetta er í fjórða skiptið sem það er haldið," segir Ragnheiður Valgarðsdóttir, formaður félagsins SJÓR.

Synt er frá Bessastöðum, en sundmenn mæta í Nauthólsvík og þaðan verður þeim skutlað á upphafsstað sundsins. „Sundið byrjar fyrir neðan Bessastaði í Lambhúsatjörn. Þaðan er synt út tjörnina, Skerjafjörðinn og inn Nauthólsvík. Þetta eru 4,5 km," segir Ragnheiður. „Fyrir þá sem ekki treysta sér í svo langt sund er líka í boði að fara styttri leið, en þá er farið út hjá Rananum á Bessastaðanesinu og synt inn í Nauthólsvík. Það eru 2,4 km."

Ragnheiður segir Bessastaðasundið ætlað fyrir þá sem vanir eru sjósundi. „Þetta er eitt af löngu sundunum okkar og þarna er bátafylgd og kajakar sem fylgja sundmönnum." Félagið áskilur sér rétt til þess að stöðva sund þeirra sem þeir treysta ekki til að synda eða ná ekki að synda gegnum straumana. „Það er mikilvægt að vera með sundhettu í skærum litum til að auka sýnileika," segir hún. „Sundhettan er einnig mikilvæg vegna þess að kólnunin verður mikil á höfuðsvæðinu og aftan á hnakkanum. Það er ekki gott að vera í hönskum og sokkum í svona löngu sundi, þannig er erfiðara að synda." Hún bætir við að mikilvægt sé að stoppa sem minnst, en hægja frekar á ferðinni ef þreyta gerir vart við sig.

Sundmönnum verður skutlað á upphafsstað sundsins frá Nauthólsvík og því er mikilvægt að mæta tímanlega. Þeir sem ætla lengri vegalengdina mæta kl. 16.00, en hinir kl. 16.30. Þátttökugjald er 1.000 krónur, en ókeypis er fyrir félagsmenn SJÓR.

Þeir sem hafa látið sig dreyma um sundsprett í sjónum, en ekki þorað að taka af skarið enn, eru boðnir velkomnir í hópinn. „Við tökum á móti nýliðum alla miðvikudaga í sumar klukkan 17.30 í Nauthólsvíkinni," segir Ragnheiður. „Þá förum við í gegnum grunnatriðin, fylgjum fólki út í sjó og syndum með því. Eins fræðum við fólk um kosti sjósunds og hvað ber að varast."

Bessastaðasundið er ætlað vönum sjósundmönnum en nýliðum er bent á Fossvogssundið sem fer fram tvisvar á ári, næst í ágúst. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Sjósunds- og sjóbaðsfélags Reykjavíkur, sjosund.is.

■ **halla@365.is**



**FYRIR VANA SUNDMENN** Bessastaðasundið er ætlað þeim sem reynslu hafa af sjósundi. Nýliðum er bent á Fossvogssundið í ágúst. MYND/VALGARÐUR



**NÝLIÐAÞJÁLFUN** Ragnheiður Valgarðsdóttir, formaður SJÓR, býður þá sem hafa áhuga á sjósundi velkomna í nýliðaþjálfun á miðvikudögum.










## HÖNNUÐU ULLARTEPPIN

Myndatextar og myndir víxluðust í grein um íslensk ullarteppi í blaðinu í gær. Hér eru ullarteppin eignuð réttum höfundum. Beðist er velvirðingar á mistökunum.




**HUGRÚN ÍVARSDÓTTIR**
www.merkilegt.is

# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 2. júlí 2013




Umferðin á Hafnarfjarðarvegi. Sólin lágt á himni og mengun í lofti

# MEIRA SELT TIL EINSTAKLINGA

## Stefnir í svipaða bílasölu og í fyrra en þó eru teikn á lofti um stigvaxandi sölu nýrra bíla.

Eftir fyrstu 25 vikur ársins, eða til 21. júní, er sala nýrra bíla hérlendis alveg á pari við söluna í fyrra og munar aðeins sjö bílum. Heildarsala er 4.573 en var 4.580 í fyrra. Hins vegar hefur sala bíla til einstaklinga aukist um 7,1%, nú hafa 2.050 bílar selst en 1.914 bílar í fyrra. Sala til bílaleiga er hins vegar 5,4% minni, er nú 2.523, en var 2.666 bílar í fyrra. Er það í sjálfu sér undarlegt miðað við alla þá grósku sem er í ferðamennsku nú á milli ára og gæti bent til þess að enn sé eftir að afgreiða nokkra bíla til bílaleiga fyrir sumarið. Sú aukning sem er á sölu bíla til einstaklinga, þó ekki sé hún mikil, sýnir jákvæða þróun og nýleg könnun þar sem mæld voru fjárfestingaráform almennings bendir til aukinnar bílasölu á næstunni. Því má búast við því að heildarsala ársins verði meiri í ár en í fyrra. Ef salan er framreiknuð til 52 vikna yrði hún 9.510 bílar, sem yrði þónokkur aukning frá fyrra ári, en slíkir framreikningar eru vafasamir.

**Toyota söluhæst bílamerkja**

Söluhæsta bílgerðin er Toyota með 775 selda bíla og 16,9% markaðshlutdeild. Volkswagen er í öðru sæti með 593 selda bíla og 13,0% hlutdeild, Skoda í því þriðja með 511 bíla og 11,2%, en bæði eru þau merki hjá Heklu. Fjórða bílamerkið er Chevrolet með 405 bíla og 8,9%, fimmta er KIA með 363 bíla og 7,9%, Suzuki er hið sjötta með 326 bíla og 7,1%, Hyundai sjöunda með 240 bíla og 5,2%, Nissan í áttunda með 208 bíla og 4,5%, Ford er í níunda sæti með 182 bíla og 4,0% og Honda tíunda með 174 bíla og 3,8%. Eitt merki enn hefur selst í meira en 100 eintökum, Mazda með 141 bíl. Þeir sem eru með milli 50 og 100 bíla sölu eru Renault, Mercedes Benz, Dacia, Audi og Subaru.

**Hekla með 28% markaðarins**

Þegar sala einstakra umboða eru skoðuð sést að Hekla er þeirra hæst með 1.186 bíla selda og 28,0% hluta bílamarkaðarins. Toyota kemur þar á eftir með 785 bíla og 17,1% hlutdeild. Þá er BL þar rétt á eftir með 760 bíla og 16,4% hlutdeild. Langt er í fjórða umboðið en Askja hefur selt 457 KIA og Mercedes Benz bíla og er hlutdeildin 10,0%. Þar á eftir kemur Brimborg með 415 selda bíla og 9,1%, Bílabúð Benna er með 411 bíla og 9,0%, Suzuki með 326 bíla og 7,1% og áttunda söluhæsta umboðið er Bernhard með 196 bíla og 4,3% hlutdeild.




Minna
að fletta
**meira**
**að frétta**

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á íslensku vefverðlaununum 2012.**

**visir.is**



BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“*

FITON / SÍA

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## MAZDA 6

**2,0 L. BENSÍN, 165 HESTÖFL**
**FRAMHJÓLADRIF**

**Eyðsla:** 6,0 l/100 km í blönduðum akstri

**Mengun** 139 g/km CO2
**Hröðun** 9,1 sek.
**Hámarkshraði** 216 km/klst.
**Verð** 4.390.000 kr.
**Umboð** Brimborg


Mazda6 er 152 kílóum léttari en forverinn. Engu að síður er hann stærri en fyrri gerð og vel fer um alla farþega.

# NÝIR TÍMAR OG GÆÐAÚTSPIL MAZDA

## Það eru greinilega nýir tímar hjá Mazda sem fyrir nokkrum árum framleiddi fátt annað spennandi en litla Miata-sportbílinn.

**MAZDA6**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Frábærar SkyActive vélar Mazda eru í þessum fallega bíl, en þær eru bæði aflmiklar og eyðslugrannar. Mazda á sérstakt hrós skilið fyrir þær.

Nú í dag eru flestir bílar í boði með forþjöppuknúnum bensínvélum eða dísilvélum og allflestir bjóðast með báðum þeim kostum. Því er bæði óvenjulegt og ánægjulegt að prófa bíl með venjulegri „normally aspired“-bensínvél sem ekki notar forþjöppu en er samt öflug og skemmtileg. Mazda6 fæst reyndar einnig með ógnarskemmtilegri dísilvél, en svo vinsæll er hann að Brimborg, söluaðili Mazda á Íslandi, fær hann ekki frá verksmiðjunum í bili og biðröð söluaðila er löng. Eftir að Mazda kynnti SkyActive vélar sínar í vel heppnuðum CX5-jepplingnum og þessum Mazda6 bíl hafa verksmiðjur þeirra ekki undan að svara gírugum kaupendum. Þetta jákvæða vandamál Mazda hefur reyndar orðið til þess að bíllinn selst í minni mæli en gæti hafa orðið og á það ekki síst við hérlendis. Mazda6 er við fyrstu sýn ferlega laglegur bíll og á honum eru ferskar og nýjar línur, enda hefur hann litla skírskotun til forvera síns og er hannaður undir merkjum nýrrar KODO-hönnunarlínu Mazda sem fyrirtækið kynnti fyrst á bílasýningunni í París með Takeri-hugmyndabílnum. Framendi bílsins er sérlega sportlegur, en það er í raun alveg sama hvar litið er á bílinn, hann er hreinlega gullfallegur og einn af gæðagripum Mazda, þó af mörgu sé að taka. Það eru greinilega nýir tímar hjá Mazda sem fyrir nokkrum árum framleiddi fátt annað spennandi en litla Miata-sportbílinn.

### Léttist um 152 kíló

Ný kynslóð Mazda6 er alveg nýr bíll og eins og títt er með nýja kynslóð bíla hefur hann farið í mikla megrun og er heilum 152 kílóum léttari en forverinn. Engu að síður er hann stærri en fyrri gerð og í þessum nokkuð stóra fjölskyldubíl fer sannarlega vel um alla farþega. Hann er líka snotur að innan og stjórntækin skilvirk og vel staðsett. Efnisnotkun er ágæt en færa þó enga lúxustilfinningu. Mest afgerandi við stjórntækin er aðgerðaskjár á miðju mælaborði og snúningshnappur, sem stjórnar öllu á honum, aftan við skiptinguna. Ræsingarhnappur er í stað hefðbundinnar lyklaræsingar og er þessi hnappur eitt af því fáa sem setja má út á bílinn. Hnappurinn er fyrir aftan stýrið, sést illa og ökumaður þarf að beygja sig til að finna hann. Sætin í bílnum eru falleg og góð og fá má þau enn fallegri með rauðstöguðu leðri.

### Grunnútgáfa ódýr en viðbætur kosta

Fá má Mazda6 bæði beinskiptan og sjálfskiptan með þessari 2,0 lítra bensínvél, en ef hann er tekinn með 2,5 lítra og 192 hestafla bensínvélinni fæst hann aðeins sjálfskiptur. Beinskipti bíllinn er 300.000 kr. ódýrari en sá sjálfskipti og kostar 4.390.000 krónur. Það verður að teljast gott verð fyrir svo myndarlegan bíl. Einnig telst til kosta að langbaksgerð bílsins er ekki krónu dýrari en „sedan“-bíllinn. Er slíkt ekki algengt. Dísilútgáfa bílsins er 400.000 krónum dýrari en bensínbíllinn og sjálfskipting hans kostar 500.000 þar ofan á. Þar með eru valkostirnir ekki upp taldir því fá má bílinn betur búinn í Optimum-útfærslu sem innifelur leðuráklæði, bæði framsæti rafstýrð, 19“ álfelgur, BOSE-hljóðkerfi með bassaboxi og 11 hátölurum, lyklalaust aðgengi, bakkmyndavél og margt fleira. Talsvert fæst því fyrir peninginn með þeirri uppfærslu sem hækkar verð bílsins um 700.000 krónur. Er það drjúg hækkun ofan á lágt verðlagðan bíl, eða sem nemur 16% hækkun. Ef til vill eru því bestu kaupin í grunnútfærslu bílsins, þar fæst mikið fyrir lítið, þótt freistandi sé að gera bílinn enn glæsilegri.

### Frábær akstursbíll

Einn af stóru kostunum við Mazda6 eru aksturseiginleikar hans. Hann er með allra bestu

**BÍLAR**
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
**Finnur Thorlacius**
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbirgir@365.is
Sími 5125432

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

FORMÚLA 1 Vísir.is

- Fallegur útlits
- Góðir akstureiginleikar
- Verð

- Ræsingarhnappur
- Dísilútgáfa ekki til nú



akstursbílum í sínum flokki og Mazda hefur tekist frábærlega upp með undirvagn hans. Mazda hefur fundið málamiðlunina milli þæginda í akstri og sportlegra eiginleika og í raun uppfyllt hvort tveggja. Ef til vill er það lykillinn að því hve bíllinn er orðinn léttur. Þingvallahringurinn hefur sjaldan verið skemmtilegri í akstri en í þessum bíl og það klikkar ekki að aka Nesjavallaleiðina svo til einn á ferð og láta fagran faðm Hengilsins taka við með sínum kröppu og skemmtilegu beygjum. Ekki var heldur leiðinleg reynsla að láta eiginleika Mazda6 njóta sín í brekkum og beygjum Grafningsins. Þessi minni bensínvél, 165 hestafla, er ári snörp og dugar bílnum vel. Þar sem greinarritari hefur prófað 2,2 lítra dísilvélina úr Mazda CX-5 bílnum myndi hann enn frekar kjósa hana. Hún er öflugri og eyðir samt minna, eða 3,9 lítrum með beinskiptingu. Eini ókosturinn er að þannig kostar bíllinn meira. Það er sko alls ekki ástæða til að tala niður þessa bensínvél, hún er frábær, eins og allar vélar Mazda virðast vera þessa dagana og að auki er hún einstaklega eyðslugrönn af bensínvél að vera. Uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er 6,0 lítrar og hann hjó þægilega nálægt því í reynsluakstrinum. Segja má að viðkynning Mazda6 hafi verið ein sú ánægjulegasta og óvæntasta á árinu, en kannski er bara best að hætta að furða sig á gæðum Mazda nú.







Mazda6 er snotur að innan og stjórntækin skilvirk og vel staðsett.



Audi A3 sedan verður best útbúni bíll Audi hvað tæknina varðar þrátt fyrir að vera næstminnsti framleiðslubíllinn.

# Audi A3 sedan á að höfða til tækniglaðra

Evrópubúar eru almennt hrifnari af stallbökum eins og hefðbundinn Audi A3 er, en í Bandaríkjunum og Kína er fólk hrifnara af sedan-útfærslu bíla. Því er Audi vandi á höndum að láta nýjan A3 í sedan-útfærslu ganga í augun á Evrópubúum. Það mun hins vegar vera ætlunin að gera með tækninýjungum. Bíllinn verður útbúinn 4G-tengingu og innbyggðri Wi-Fi-tengingu. Þetta mun veita farþegum bílsins möguleika á að nýta sér kosti Google Street View, upplýsingar um umferð og tafir, Facebook, Twitter, möguleika á að spila tónlist beint af netinu og jafnvel hlusta á nýjustu textaskilaboð eða tölvupóst. Þannig verður A3-sedan best búni bíll Audi að þessu leyti.

### Á að nema 40% sölu A3

Audi vonast til þess að sedan-útfærsla bílsins muni nema 40% af allri sölu A3 og að nýir kaupendur hans verði fólk sem hafi ekki endilega hugsað sér að kaupa bíl með skotti. Nýi bíllinn er framleiddur í Gyor í Ungverjalandi fyrir Evrópumarkað og hönnun hans og breyting verksmiðjunnar kostaði Audi 900 milljón evrur, eða 146 milljarða króna. Það er eins gott að þeir selji eitthvað af honum. Hann verður líka framleiddur í verksmiðju Volkswagen-grúppunnar í Foshan í Guangdong-héraði í Kína og verða þeir bílar seldir í Asíu. Í Evrópu verður bíllinn með 1,4 og 1,8 lítra bensínvélar, 140 og 180 hestafla. Í lok ársins munu bætast við 1,4 og 1,6 lítra bensínsvélar sem skila 105 og 122 hestöflum. 2,0 lítra dísilvél, 184 hestöfl. Fjórhjóladrif mun einnig bjóðast í lok árs. Síðast útgáfa bílsins verður síðan S3 með 300 hestafla bensínvél.

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti
Er tímareimin komin á tíma?

bílaverkstæði
VÉLALAND

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Gerðu verðsamanburð - Pantaðu tíma

Verðdæmi um tímareimaskipti



Skoda Octavia 1,9l dísil Árgerð 2004-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 66.048 kr.

Renault Kangoo 1,6l 16V Árgerð 2006-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 89.737 kr.

Chevrolet Lacetti 1,8l Árgerð 2006-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 57.632 kr.

Volkswagen Golf 1,6l Árgerð 2004-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 76.965 kr.

Subaru EJ20 2,0l Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutir og vinna: 81.999 kr.

Vara þessa tilboðs er eftirmarkaðsvara (non-OEM/ekki original)

Við erum á 3 stöðum!

Við erum í Jafnaseli 6, við hliðina á Krónunni og Sorpu.

Við erum í Dalshrauni 5, við hliðina á Actavis.

Við erum á Bíldshöfða 8 við hliðina á Citroen og Mazda

Vélaland: Bíldshöfða 8 , sími 515 7170 I Dalshrauni 5, sími 515 7181 I Jafnaseli 6, sími 515 7193 I velaland@velaland.is

# VW Golf TDI BlueMotion sá sparneytnasti

Nýjasta útfærsla VW Golf-bílsins, BlueMotion er 15% sparneytnari en forverinn og var hann þó sparneytinn mjög. Þessi árangur hefur gert þennan bíl að einum þeim sparneytnasta sem knúinn er venjulegri vél og ekki nýtur aðstoðar annarrar tækni, svo sem hybrid eða rafmagns. Hann eyðir litlum 3,2 lítrum að sögn Volkswagen og þar sem hann er með 50 lítra eldsneytistank dugar það honum til 1.500 kílómetra aksturs. Hann skilar sínu hámarksafli, 108 hestöflum á snúningssviðinu 1.500 til 3.000. Það sem aðgreinir þennan BlueMotion-bíl er til dæmis lækkuð yfirbygging, vindkljúfur á þaki og loftkæling á grillinu sem opnast og lokast eftir þörfum. Vélin er tengd sex gíra beinskiptingu. Þrátt fyrir þessa litlu eyðslu er hann enginn letingi og fer í hundraðið á 10,5 sekúndum. Bíllinn kemur á 15 tommu álfelgum og er til dæmis með búnaði sem leggur sjálfur í stæði.



Nýjasta útfærsla VW Golf bílsins eyðir litlum 3,2 lítrum á hundraðið.



Söluhæsti bíllinn í Bandaríkjunum þetta árið er pallbíllinn Ford F150.

## Ford F-150 slær við Toyota Camry

Fjögur síðustu ár hefur söluhæsta einstaka bílgerðin í Bandaríkjunum, sem framleidd er að fullu þar, verið Toyota Camry. Breyting gæti orðið á því þar sem söluhæsti bíllinn þetta árið er nú pallbíllinn Ford F150, en sá bíll var sá söluhæsti þrjú ár á undan góðu söluárum Camry. Þessi breyting er nokkuð lýsandi fyrir ágæta sölu amerískra pallbíla og almennt góða sölu þarlendra framleiðenda. Söluaukningin á Ford F-150 það sem af er ári nemur 22 prósentum. Engu að síður er Toyota söluhæsta bílamerkið í Bandaríkjunum eins og í fyrra og slær þar við þremur stærstu amerísku merkjunum. Í næstu sætum á eftir hinum einstöku gerðum F-150 og Camry eru svo Dodge Avenger, Honda Odyssey, Toyota Sienna, Chevrolet Traverse, Toyota Tundra, GMC Acadia, Buick Enclave og Toyota Avalon í tíunda sæti.



Mazda3 af árgerð 2014 ber keim af Mazda6, sem mörgum þykir einkar fagur bíll.

## Nýr Mazda3

Myndir eru farnar að berast af nýjum Mazda3 af árgerð 2014. Það eru góðar fréttir að hann ber mikinn keim af stærri bróður sínum, Mazda6, sem mörgum þykir einkar fagur bíll. Grimmilegum framendanum svipar mjög til stóra bróður og hann fær að auki nokkrar af sömu vélunum sem í boði eru í Mazda6 og verður því þeim mun sprækari. Sú minnsta er 99 hestafla 1,5 SkyActive-bensínvél, en einnig 2,0 lítra bensínvél með misöflugri útfærslu; 118 og 165 hestafla. Hann fær einnig 2,2 lítra dísilvélina sem finnst í Mazda6 og CX-5 jepplingnum, sem er bæði til með 150 og 175 hestöflum og togar heil ósköp, eða 380 eða 420 Nm. Bíllinn hefur farið í mikla megrun að sögn Mazda en tæplega hefur hann lést eins mikið og Mazda6, eða um 152 kíló. Bíllinn hefur einnig fengið hressilega yfirhalningu innandyra og efnisnotkun er nokkuð breytt. Hún ætti einnig að vera í ætt við Mazda6 og er það vel. Lengra er nú milli hjóla og ætti það að skila enn betri akstureiginleikum. Skottið er að auki stærra.



# ÚTSALAN ER HAFIN!

**Vandaður þýskur og danskur kvenfatnaður og skór fyrir konur á öllum aldri!**



**hjá Hrafnhildi**

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

Vertu vinur okkar á Facebook

# Málning!

**MÚRBÚÐARVERÐ**

Deka Pro 4. Loft og veggjamálning. 10 lítrar
**5.690,-**




DekaCryl 7 Innimálning. 10 lítrar
**5.890,-**




Deka Pro 10 Innimálning. 10 lítrar
**6.490,-**




Aqua 25 innimálning á böð 4 lítrar
**3.990,-**







Veggspartl medium,10 lítrar
**3.990,-**




DEKAPRO útimálning, 10 lítrar A. stofn
**7.290,-**




DEKA PRO þakmálning, 10 lítrar
**10.990,-**




ODEN EÐAL OLÍA á palla. Hágæða Silikonalkyd efni. 2,7 lítrar
**4.490,-**



Áltrappa 5 þrep
**6.490,-**
Ath. margar stærðir

Tréolía 30, 3 lítrar
Á pallinn og annað tréverk
**2.690,-**







ODEN þekjandi viðarvörn. 1 líter
**1.895,-**




Dicht-Fix þéttiefni. 750ml
**1.890,-**



## Steypugljáinn á stéttina

**Þessi sem endist!**



1 gallon og 5 gallon





Scala Steypugrunnur Betoprime glær. 1 líter
**745,-**



Áltrappa 4 þrep
**4.990,-**
Ath. margar stærðir

Álstigi 3x8 þrep 2,27-5,05 m
**17.990,-**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM



**Öll áhöld fyrir málningarvinnuna**

Tia-103B framlengingarskaft f / rúllur 1,2m
**325,-**




Scala Lackfarg 30 (olíu) 1 líter
**1.695,-**




Deka Meistaralakk 40 Akrýllakk. 1 líter
**1.695,-**




DEKA SÍLAN vatnsfæla, 5 lítrar
**5.990,-**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29 | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

## BÍLAR & FARARTÆKI


**bilfang.is**
S. 567 2000

Getum tekið við bílum á PLANIÐ!
Mikil sala verið velkomin :)

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**


ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



BMW 3 325i s/d e90. Árgerð 2008, ekinn 37 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.140545. Mjög flott eintak.



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2011, ekinn 78 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.990452.



TOYOTA Prius hybrid. Árgerð 2012, ekinn 11 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.760.000. Rnr.140596.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bifreidar.is
577 4777



PALOMINO YEARLING IY-4102 10 FET Árgerð: 2011 Verð 2.200.þús Tilboð: 1990.þús Lítið sem ekkert notað.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



Nýr Dodge Durango Citadel Metan / Bensín, V6, 290hö, eyðsla 11 l/100km í blönduðum akstri, Citadel er með öllum hugsanlegum lúxus og tækni búnaði, Stór glæsilegur jeppi á frábæru verði, Verð 10.490þ.kr, Er í salnum, komdu og skoðaðu úrvalið, rnr 130078 ,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16**
**http://www.isband.is**

SUZUKI



Eigum gúmmíbáta í stærðum frá 2,9m - 4,2m á lager til afgreiðslu strax. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

100 bílar.is bílasala
Skráðu bílinn frítt hjá okkur



Skráðu bílinn frítt hjá okkur
100 bílar.is bílasala

VILTU KAUPA EÐA SELJA!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn og ferðavagninn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Toyota camry LE ág.98. Amerisk týpa. Verð 250 þús. Sjáfskiptur, þarfnast smá lagfæringar. Ek.129 þús. S. 864 5184.



**BMW 330 IX**
Til sölu BMW 330 IX, árgerð 2001, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, ekinn 220þ, ljós leður sæti. Ásett verð 1490þ TILBOÐ 1190þ Uppl.í s.661-4444



Toyota Corolla 1.3 sedan árg.'97, ek. 236 þ. Sjálfsk. dráttarkr. og CD. Nýsk. Verð 220 þ. Upp. í s. 866 7860



Til sölu Renault Megane ,98. Nýskoðaður, góður bíll. Verð. 175 þ. Uppl. í s. 773 0018



Musso, 2,3, bensín árg. ,00. ek. 146þ, ssk. sk. ,14, smurbók. V.350þ. S:892 4305/868 0106.

ÍSLANDROVER 10 ÁRA
ÍSLAND-ROVER
SUMARHÁTÍÐ ÍSLANDROVER
2013
HÚNAVERI
12.-14. júlí
Dagskrá og frekari upplýsingar á www.islandrover.is
LANDROVER 65 ÁRA

Til sölu VW Transport ,99árg m. gluggum. M. ónýtum gírkassa en góðri vél. S: 897 0813/554 2441.

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Mótorhjól



Suzuki GSX-R1000 árg 2007, ek.10þús km. Einstaklega FLOTT eintak verð 1290þus skoða Tilboð. Einnig með Dainese race galla one pice, skó, hanska og hjálm. S. 822 8585.

## Reiðhjól

JS LJÓSASMIÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Reiðhjólaviðgerðir



Gerum við allar gerir reiðhjóla. Fljót og góð þjónusta. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S: 554 0661 GSM: 897 4996 - 699 2502 velaverkjs@simnet.is velaverkjs.is - slattuvel.is



RAFMAGNS-REIÐHJÓL
VERÐ FRÁ 149.800

EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

Fullkomið verkstæði fyrir allar tegundir reiðhjóla
-Stuttur biðtími-
TRI
WWW.TRI.IS
Suðurlandsbraut 32
Sími 571-8111 eða 571-8100

## Fellihýsi

Notaðir ferðavagnar á www.vikurverk.is



VÍKUR
V · E · R · K
Víkurhvarf 6 • 203 Kópavogur
Sími 557 7720 • vikurverk.is

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

MAXXIS



Mótorhjóla- og fjórhjóladekk
Maxxis dekkin eru þekkt fyrir gæði og frábært verð. Við erum með dekk í öllum verðflokkum. Nánari upplýsingar í síma 590 2045.
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum
Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 110 Reykjavík • benni.is
Umboðsmenn um land allt

## Varahlutir

VAKA



**FELGUR**
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

**EÐAL PARTAR**
Eigum varahluti í margar tegundir af Mercedes Benz og marga fleiri bíla. Kaupum bíla til uppgerðar og niðurrifs. Opið frá kl. 10-18 virka daga. Auðbrekka 4 (bakvið) S. 555 1159.

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúð, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## PJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

Alhliða garðþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
www.gardathjonustaislands.is
Vönduð vinnubrögð.
Róbert S. 866 9767

GARÐLIST 554 1989

GARÐAÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR
S. 777-8100
Fáðu fagmenn í verkið

Garðaumsjón: Öll almenn garðyrkja. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna - Pípulagnir
Raflagnir - Málningavinna
Múrviðgerðir - Flísalagnir
Hellulagnir - Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Gólflist



**ELDRI MÚRARI**
Eldri múrari óskar eftir múrverki td. múra bílskúra, kjallara, einnig flísalögn. S. 866 3175

Tek að mér allt álm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

GARÐATORG 7
210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is

GARÐATORG EIGNAMIÐLUN
Þóroddur S. Skaptason lögg. fasteignasali

## Digranesvegur 71, Kópavogi

Opið hús þriðjudaginn 2. júlí milli kl 17.00-18.00.




Samtals 213,3 fermetra mjög snyrtilegt og gott einbýli á tveimur hæðum með 49,3 fermetra bílskúr. Húsið er vel við haldið og talsvert endurnýjað! Staðsetning hússins er mjög góð og stutt í alla þjónustu, skóla, leikskóla, o.s.frv. Húsið er talsvert stærra en fermetratala eignar segir til um, garðstofa, tengibygging og rými undir súð. Garðurinn er glæsilegur, stór timburverönd og mikið skjól. Góður geymsluskúr á lóðinni. Gott hús með mikla möguleika.
**Verð 49,9 millj.**

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Hvannalundur 19 - Garðabæ

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00




Glæsilegt 206 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum bílskúr. Húsið hefur verið mjög mikið endurnýjað á undanförnum árum. Samliggjandi stofur með útgengi í sólskála. 4-5 herbergi. Falleg ræktuð lóð með veröndum og skjólveggjum. Eignin er vel staðsett á frábærum stað innst í lokaðri botnlangagötu í sunnanverðum Lundum í Garðabæ. Laust til afhendingar fljótlega. **Verð 54,9 millj.**

## Hákotsvör 3 – Álftanesi

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00




Mjög fallegt, þó nokkuð endurnýjað og mjög vel staðsett 209,0 fm. einbýlishús með sjávarútsýni við Hákotsvör í Garðabæ. Auk þess er 12 fm. skáli sem nýttur er sem sjónvarpsstofa í dag. Rúmgóðar stofur með sjávarútsýni og fallegum arni. Eldhús með fallegum hvítum innréttingum. Fjögur herbergi. Verönd með skjólveggjum og heitum potti. Innkeyrsla og stéttar fyrir framan húsið eru nýlega hellulagðar og með hitalögnum. Húsið stendur á 1.155 fermetra grónni lóð með fallegu sjávarútsýni. **49,9 millj. Verið velkomin.**

## Reykjavíkurvegur 39 – Hafnarfirði

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30- 18.00




Virðulegt og fallegt 275,7 fm. einbýlishús, hæð og kjallari, á mjög stórri og grónni lóð auk 16,5 fermetra bílskúrs við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði. Ekið er að húsinu frá Norðurbraut. Mikið hefur verið lagt í byggingu eignarinnar á sínum tíma og t.a.m. er lofthæð efri hæðar tæplega 3 metrar og gifslistar eru í loftum. Hæðin skiptist m.a. í hol, stofu/herbergi við hol, samliggjandi stofur með arni og fallegri gluggasetningu, rúmgott eldhús með upprunalegum innréttingum og fjögur herbergi auk fataherbergis. Kjallarinn er nréttaður með gluggum í tvær áttir. Húsið er fallega rammað inn með fallegum steinsteyptum veggjum á lóðarmörkum.
**Verð 49,9 millj. Verið velkomin.**


## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínútu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**AH-RAF LÖGGILDIR RAFVERKTAKAR.**
Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna ahraf@ahraf.is Hermann s: 845-7711 Arnar s: 897-9845.

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum hugmyndum.
Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**
Flott föt á flottar konur. Opið þrið-föst frá 13-18 Sími 695 6679 www.beautyinblack.is



**ÚTSALA,ÚTSALA.**
Fjögur verð á flottum kvennfatnaði. 1.000, 3.000, 5.000 og 10.000. Verið velkomin opið þriðjudag frá 13-18 og laugardaga 10-14. Capri Collection/Green-house Langholtsvegur 112B S:6952285

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.






Trampólín og öryggisnet á frábæru verði. Allar frekari upplýsingar á trampolin.is

**PLÖNTUSALA**
Mikið úrval af margra ára plöntum. Furum, greni, runnum, kvistum, rósum, lerki, fjallaris, misplum, silvurreyni, koparreyni og fleiru. Fyrstir koma, fyrstir fá. Verið velkomin. Blómsturvellir við reykjalund mos. S. 864 1202 Opið 13-18 alla daga.

**TRÉ TIL SÖLU**
Hlynur 1-2,5 m. Silfurreynir 1-2m. Greni 1 m. Einnig hraunhellur í hleðslu 10fm. sanngjarnt verð Jónas s: 6978588

## Gefins

Gullfallegir kettlingar fást gefins, eru kassavanir. uppl: 865 5933 - 421 3596

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**HEITIR POTTAR.**
Verslun Hættir. Eigum til á lager 6 rafmagnspotta sem seljast með 40% afslætti. Kanadísk gæði. Kristján 8960602 / 7772000 eða kristjan@fiskikongurinn.is

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, þurrkara, uppþvottavélar, Ford Explorer ,96 nýskoðaður ,14, frystiskista, frystiskápur, eumenia með þurrkara, eldavélar, hjólastóll, video, reiðhjól, þríhjól, hlaupahjól, mikið af ódýrum dekkjum og felgum S. 896 8568.

## Verslun

Kynlíf er GOTT!
PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22



**WE-VIBE II OG III**
Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð!! Tökum millifærslu og greiðslukort. Við sendum um allt land www.hush.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

Slökunarnudd og heilsunudd. S. 561 6254 Nuddstofan opin frá kl. 9-21.

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu ísskápur. Hæð 16 cm 54 cm á breidd, 4 ára. Verð 45þ. Tekk borðstofusett, skenkur,borð og 6 stólar. Uppl. í s.699 1258

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 105 fm, 3-4 herb. íbúð á Holtinu í Hfj, auk bílastæði í bílakjallara í lyftublokk. Ekkert dýrahald leyft. Uppl. í s. 893 9777

Til leigu 62fm íbúð, með sérinngang í seljahverfinu. Uppl. 698-3200

Stúdío í 101 með sameiginlegri snyrtingu. Verð 75 þ. Uppl í S. 860 0360

## Húsnæði óskast

Ég óska eftir herbergi 10-15fm. á svæði 101-105. Greiðslugeta 30-45þús. á mán. Sameiginleg þvottavél ekki skilyrði en baðherbergi m. sturtu og sameiginleg eldunaraðstaða skilyrði. Uppl 893 8695

Vantar góða 3-4ra herb. íbúð á leigu strax(verður að vera á 1. hæð eða lyfta). Helst í 108 eða nágrenni. Erum 3ja manna fjölskylda. Róleg og reglusöm. Skilvísar greiðslur og góð meðmæli. Uppl. í s. 847 6334 eða 892 6912.

## Sumarbústaðir



**GOTT SUMARHÚS TILBOÐ 2,9 MIL.**
25 fm. sumarhús til flutnings sem skiptist í stofu herbergi og snyrtingu á tilboði aðeins 2,9 milj. uppl.í síma 891 9847.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**DEVITOS PIZZA**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu. Dagvinna og næturvinna. Um helgar.
**Upplýsingar í síma 692 4327**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu.
Geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta S. 776-7080 Proventus.is**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á nægum svefni




OPIÐ
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

Beint á móti IKEA

SKEMMTILEGT
ÞRIÐJUDAGSKVÖLD

Með áskrift að Stöð 2 fylgja:

2 GULL 2 BÍÓ krakkar POPP TíVí



20:00
THE BIG BANG THEORY
Stórskemmtilegur gamanþáttur um ofurnördana Leonard og Sheldon sem hefur slegið í gegn í Bandaríkjunum.



20:45
TWO AND A HALF MEN
Vinsælasta gamanþáttaröð síðari ára með Ashton Kutcher í aðalhlutverki.




21:10
GOOD COP
Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar um breska lögreglumanninn John Paul Rocksavage.



7:00-20:00
krakkar BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Stöð 2 Krakkar.



20:25
BÍÓ DODGEBALL
Óborganleg gamanmynd með Ben Stiller og Vince Vaughn í aðalhlutverkum.

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is

2 HD


## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 8 | | 2 | 4 | 9 | | 7 |
| | | 7 | | | 6 | | 3 | |
| | | | | 8 | | | | 6 |
| | 2 | 3 | 5 | | | | | |
| | 5 | | 6 | | | 8 | | |
| | | | | | 2 | 3 | 9 | |
| 5 | 7 | | | 3 | 1 | 4 | 6 | |
| | | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 1 | 9 | | | | | 7 | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 9 | 3 | | | 2 | 5 |
| | | 3 | | 6 | | | | |
| | 9 | | 7 | | 1 | | | |
| | | | 1 | | 3 | 9 | 5 | |
| | | 6 | | 9 | 4 | 3 | | 2 |
| 7 | | | | | | 8 | | |
| | | 1 | 3 | 5 | | | | 9 |
| | | | | | | 5 | | 8 |
| | | 2 | | | | 4 | 1 | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | 3 | | | 4 | 2 |
| | | 5 | 1 | | 4 | | | 6 |
| | | | 8 | 9 | | | 5 | |
| | | | | | | 4 | 3 | |
| | 5 | | | | 7 | | | |
| 2 | | | 9 | | | | | |
| 3 | | | 5 | | | 7 | 1 | |
| | | 6 | | 2 | | | | |
| | | | 3 | | 8 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 5 | 3 | 1 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 1 | 3 | 6 | 5 | 7 | 9 | 2 | 4 |
| 6 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 |
| 3 | 5 | 4 | 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 |
| 4 | 9 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 8 | 7 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 3 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 2 | 9 | 1 | 3 |
| 1 | 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 2 | 9 |
| 8 | 1 | 7 | 3 | 2 | 9 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 6 | 4 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 6 | 2 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 1 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 1 | 3 | 4 | 7 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 5 | 9 | 6 | 2 | 3 | 1 | 8 | 4 | 7 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Menntun er aðdáunarvert fyrirbæri en það er stundum gott að muna að það er ekki hægt að kenna neitt sem er þess virði að vita.**

*Oscar Wilde*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** land, **6.** drykkur, **8.** styrkur, **9.** nagdýr, **11.** stór, **12.** afspurn, **14.** glingur, **16.** tveir eins, **17.** röst, **18.** for, **20.** frá, **21.** fimur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** eins, **3.** samtök, **4.** ofþyngja, **5.** berja, **7.** lævís, **10.** stykki, **13.** kk nafn, **15.** heiti, **16.** kóf, **19.** slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** laos, **6.** öl, **8.** afl, **9.** mús, **11.** há, **12.** umtal, **14.** skran, **16.** kk, **17.** iða, **18.** aur, **20.** af, **21.** frár. **LÓÐRÉTT: 1.** sömu, **3.** aa, **4.** ofhlaða, **5.** slá, **7.** lúmskur, **10.** stk, **13.** ari, **15.** nafn, **16.** kaf, **19.** rá.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Í gær birti ég leik hjá Lenku 38... Dg6-b6 sem vann hrók og því haldið fram að það leiddi einnig til unnins tafls. Það er hér með leiðrétt.**
**Hvítur á leik**



39. Hxf7!–Dxf2+ 40. Kh1 Kxf7 41. Df5+ Kg7 42. Bxe5+ Hxe5 43. Dxe5+ og hvítur tryggir sér jafntefli með þráskák. Það var sjálfur Friðrik Ólafsson hafði samband og benti á að hlutirnir væru ekki alveg jafn einfaldir og umsjónarmaður hélt! **www.skak.is.** Guðmundur Kjartansson teflir í Katalóníu.


TVÆR
FLOTTAR
Í FRÍIÐ
Panasonic
ALVÖRU VÉL FYRIR
KRÖFUHARÐA NÚ
Á ÁÐUR ÓÞEKKTU
VERÐI
14.1 milljón punkta myndavél með MOS-myndflögu. 10x Optical LEICA linsa með POWER OIS hristivörn. Tekur 3D og Panorama myndir (360°/180°). Venus Engine IV og iAuto. Light Speed AF / Burst Shooting 5fps í fullri upplausn. 3" LCD skjár og Auto Focus Tracking. AVCHD FHD 1920x1080 hreyfimyndataka. Stereó hljóðnemi og hátalari. 60MB minni, kortarauf og Mini HDMI tengi. Má hlaða beint í straum eða USB tengi. Rafhlaða endist í allt að 220 myndir.
PANASONIC DMCSZ7
24.990
VERÐ ÁÐUR 34.990
HÁSKERPU TÖKUVÉL
FYRIR ÞÁ SEM
VILJA VARÐVEITA
MINNINGARNAR
Í ALVÖRU GÆÐUM
HD Camcorder
HIGH DEFINITION
Tökuvél með háskerpu upplausn. Mjög ljósnæm MOS 1/2.33" upptökuflaga. Vönduð og björt Panasonic linsa F1.8/3.5. Tekur í MPEG4-AVC/H.264. 5-AxisHybrid O.I.S + titringsdeyfir. 21x Optical og 50x Intelligent aðdráttur. 3" LCD snertiskjár og iA Intelligent Auto. Auto Focus Tracking og Face Detection. 5.1 Dolby Digital hljóðupptaka - Zoom. Innbyggt WiFi - Ustream í FHD. USB 2.0, miniHDMI og hljóðnematengi. Tekur upp á SD kort
WiFi CERTIFIED
PANASONIC HCV720
99.990
VERÐ ÁÐUR 119.990
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS
LUMIX

# Fúll á móti fer á kostum

BÆKUR ★★★★★




**Maður sem heitir Ove**
Fredrik Backman. Jón Daníelsson þýddi.
**VERÖLD**

Sænskar krúttsprengjubækur um gamalt fólk hellast yfir eftir geysivinsældir Gamlingjans sem skreið út um gluggann í fyrra. Maður sem heitir Ove er angi af þeim meiði og einn sá blómlegasti. Hér segir af önuglynda karlinum Ove sem talar helst ekki, en ef hann neyðist til þess er það helst til að hella skætingi yfir viðmælandann. Hann hefur nýverið misst konuna sína og langar til þess eins að deyja en uppáþrengjandi nágrannafjölskylda kemur ítrekað í veg fyrir að honum takist að binda enda á líf sitt, honum til mikillar gremju. Sagan þróast, nokkuð fyrirsjáanlega, á þá lund að þessi samskipti við nágrannafjölskylduna og fleiri hjálparþurfi einstaklinga verða til þess að Ove tekur aftur gleði sína og reynist hafa gullhjarta undir hrjúfu yfirborðinu – en ekki hvað?

Bókin hefur slegið hressilega í gegn og og höfundurinn þakkar það því að fólk kannist við ýmislegt í fari Ove og tengi við hann, þrátt fyrir allt önuglyndið, eða kannski einmitt vegna þess. Persóna Ove er líka einstaklega vel dregin og þótt ógeðfelldur sé að flestu leyti finnur hann sér stað í hjarta lesandans og sest þar að. Reyndar þykir lesanda á sextugsaldri nokkuð furðulegt að maðurinn eigi ekki að vera nema 59 ára, svo forn er hann í hugsun og skapi að líklegra hefði verið að hann væri 79 ára, en kannski eru sextugir menn í Svíaríki svona aldraðir, hvað veit ég?

Sagan er feykiskemmtileg aflestrar og sú blanda af neyðarlegum uppákomum, einlægum lýsingum á sorg og einmanaleika og innsýn í lífið í raðhúsahverfi í útjaðri Stokkhólms sem hér er boðið upp á svínvirkar. Auk þess er bókin lipurlega skrifuð og persónurnar hver annarri raunverulegri. Það er ekki bara Ove sem lesandi þykist þekkja úr nærumhverfi sínu, hér eru fulltrúar flestra þjóðfélagshópa og baráttan við möppudýrin í hvítu skyrtunum sem ráða örlögum fólks í krafti skriffinnskunnar er eitthvað sem við getum væntanlega öll tengt við. Það ætti að minnsta kosti engum að leiðast við að fylgjast með Ove og félögum hans.

Þýðing Jóns Daníelssonar er prýðilega af hendi leyst og rennur vel. Vottar ekki fyrir þeim hálfsænska talsmáta sem oftar en ekki einkennir þýðingar úr því ágæta tungumáli.

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtileg og hjartnæm saga af önuglynda karlinum í næsta húsi og átökum hans við nágrannana sem flestir ættu að kannast við.



**UNDARLEG REYNSLA** Eyrún Ýr segir farir sínar ekki sléttar í samskiptum við útgáfufyrirtækið Publish Islandica, sem upphaflega gaf Annað tækifæri út. MYND ÚR EINKASAFNI

# Bókin sem fékk annað tækifæri

**Eyrún Ýr Tryggvadóttir er glæpasagnahöfundur sem sent hefur frá sér þrjár spennusögur. Reyndar fjórar ef grannt er skoðað, fyrsta bókin Annað tækifæri kom út 2004, hvarf í fjölda ára en hefur nú verið endurútgefin í örlítið breyttri mynd.**

„Þetta var fyrsta bókin sem ég skrifaði og kom upphaflega út árið 2004 hjá fyrirtæki sem hét Publish Islandica, en hvarf alveg gjörsamlega og hefur verið ófáanleg nánast alla tíð,“ segir Eyrún Ýr Tryggvadóttir um bókina Annað tækifæri sem nú hefur verið endurútgefin hjá Sölku. „Ég skrifaði hana að mestu leyti árið 2003 og sá svo auglýst eftir handritum til útgáfu hjá þessu fyrirtæki, sendi það inn og fékk útgáfusamning.“

Bókin var gefin út, en ekki dreift í verslanir og Eyrún segist aldrei hafa fengið nein svör frá fyrirtækinu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. „Þetta var allt hið dularfyllsta mál. Fólk átti að geta keypt bókina á netinu en fékk hana aldrei senda. Bókabúðin hérna á Húsavík náði nokkrum eintökum, seldi þau og bað um fleiri sem aldrei bárust. Ég fékk send tvö eintök en heyrði svo aldrei púst frá fyrirtækinu meir. Bókin er til á þremur eða fjórum bókasöfnum á landinu, en hefur annars verið gjörsamlega ófáanleg í öll þessi ár.“

*Breyttirðu henni eitthvað fyrir þessa útgáfu?* „Örlítið, já. Þessi bók er samt mun léttari en hinar skáldsögurnar mínar. Myndi lenda í flokknum ástir og afbrot ef hún væri í rauðu seríunni. Og mér dettur ekki í hug að halda því fram að hún sé neitt annað en létt afþreying.“

Eyrún hefur sent frá sér fjórar bækur fyrir utan Annað tækifæri, þrjár spennusögur og eina unglingabók sem hún skrifaði í samstarfi við Kristjönu Maríu Kristjánsdóttur. Allar þrjár skáldsögurnar fyrir fullorðna hafa verið tilnefndar til Blóðdropans, hinna íslensku glæpasagnaverðlauna, en samt hváir fólk þegar það heyrir nafnið hennar. Hefur hún einhverja skýringu á því? „Það er sennilega bara spurning um að eyða meiru í auglýsingar. Þú verður að ræða það við Sölku,“ segir Eyrún glottandi. „Svo er ég auðvitað minna sýnileg en margir aðrir rithöfundar, þar sem ég bý úti á landi og er ekkert að mæta í boðin þarna fyrir sunnan. Síðan held ég að þetta snúist líka um það að hafa ekki verið þýdd á erlend tungumál. Það breytir miklu fyrir höfunda.“

*Þú býrð á Húsavík. Ertu þaðan?* „Já, og hef nánast alltaf búið hér fyrir utan nokkurra ára dvöl í Reykjavík og á Akureyri í námi. Ég er í sambúð og á tvö börn og í mínum huga var það aldrei valkostur að ala börnin mín upp í Reykjavík. Ekki að ég hafi prófað það, en ég allavega ímynda mér það. Heima er best.“

fridrikab@frettabladid.is







# Superman í Hallgrímskirkju

TÓNLIST ★★★★★

Matthias Giesen orgelleikari kom fram á tónleikaröðinni Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju sunnudaginn 30. júní.

Ég fór á Superman í Kringlubíói á laugardagskvöldið. Eins og við var að búast var mikill hávaði, enda ekki lítið sem gekk á. En hávaðinn var enn meiri á virðulegum orgeltónleikum í Hallgrímskirkju daginn eftir. Ofurmennið þar hét ekki Clark Kent, heldur Matthias Giesen, sem er frá Austurríki. Hann virkaði kurteis og hæglátur (rétt eins og Clark Kent). En svo þegar leikar fóru að æsast héldu honum engin bönd. Hann flaug að vísu ekki um kirkjuna, en hávaðinn úr orgelinu var slíkur að það jaðraði við að vera sársaukafullt.

Samt ekki í byrjun. Fyrst á dagskrá var Kontrapunktur nr. eitt og níu úr Fúgulistinni svokölluðu eftir Bach. Fyrir þá sem ekki vita er fúga tónlistarform þar sem einfalt stef er leikið aftur og aftur. Þó aldrei í sömu mynd, heldur eftir flóknum reglum. Þegar um hljómsveitarfúgu er að ræða koma hljóðfærin inn eitt á eftir öðru. Á sama tíma ganga áheyrendur út – einn á eftir öðrum. Eða svo hljómar brandari sem ég las fyrir löngu.

Sem betur fer gekk enginn áheyrandi út af tónleikunum nú. Túlkun Giesens var líka hrífandi, mjög látlaus og einföld. Það var eitthvað heiðarlegt við túlkunina, ekki bara á fúgum Bachs, heldur einnig á öllu hinu. Maður fann að leikurinn byggðist á yfirgripsmikilli þekkingu og djúpum skilningi. Smekkvísi réði ávallt för. Egó hljóðfæraleikarans var ekki að þvælast fyrir. Þar var ekkert sem var yfirborðslegt, engin sýndarmennska. Bara tónlist, hrein og ómenguð.

Fyrir utan Bach samanstóð efnisskráin af tveimur prelúdíum eftir Albrechtsberger. Svo kom Inngangur, hugleiðsla og „finale“ eftir Kropfreiter, orgelumritun á Orfeusi eftir Liszt og loks Svíta op. 5 eftir Duruflé. Kropfreiter var dálítið tyrfinn, verkið var samið á áttunda áratugnum. Það er barn síns tíma, tilraunakennt eins og margt þá, og tilraunin heppnaðist ekki alltaf. Tónlistin var óttalegt stagl á köflum. Annað var hins vegar skemmtilegt, Liszt var einkar hrífandi, og Duruflé eins og lokahnykkurinn í Superman. Það var svo flott að maður varð alveg frávita.

Jónas Sen



**MATTHIAS GIESEN**

**NIÐURSTAÐA:** Glæsilegir tónleikar með frábærum organista.

# Orgelandakt í Kristskirkju hefst á morgun

Hilmar Örn Agnarsson organisti leikur verk eftir Bach í Kristskirkju í hádeginu á morgun, 3. júlí. Tónleikarnir hefjast klukkan 12. Þar með hefst hádegistónleikaröð sem stendur alla miðvikudaga í júlí og ágúst.

„Hið 30 radda Frobeniusar-orgel Kristskirkju er eitt hljómfegursta kirkjuorgel landsins og ekki spillir helgi og fagur hljómburður kirkjunnar,“ segir Hilmar Örn Agnarsson organisti sem heldur tónleika í Kristskirkju á Landakotshæð á morgun og hefjast þeir klukkan 12 á hádegi.

Á efnisskránni eru verk eftir J.S. Bach, meðal annars Toccata og Fúga í d-moll, eitt frægasta orgelverk tónbókmenntanna, og H-moll prelúdían, sem er ein stórfenglegasta tónsmíð meistarans að sögn Hilmars.

Með tónleikunum opnar Hilmar Örn tónleikasumarið „Orgelandakt í Kristskirkju“ en sú tónleikaröð stendur yfir alla miðvikudaga í júlí og ágúst og allir tónleikarnir hefjast klukkan 12. Þeir taka um hálfa klukkustund og aðgangur er ókeypis. - gun



**ORGANISTINN** Hilmar Örn er organisti í Grafarvogskirkju og fyrrverandi dómorganisti í Skálholti. Nú rifjar hann upp kynni sín af orgelinu í Kristskirkju.



**EKTA KÖNTRÍ FRÁ NASHVILLE** Hljómsveitin Lambchop er meðal þeirra sem sækja hátíðina KEX Köntrí heim.

## KEX Köntrí í annað sinn

KEX Köntrí er þriggja daga tónlistar- og matarhátíð sem fer fram á Kexi Hosteli þann 4. til 6. júlí. Aðgangur að hátíðinni er ókeypis og munu hljómsveitir frá Íslandi, Kanada og Bandaríkjunum stíga á svið og skemmta gestum Kex Hostels og veitingastaðarins Sæmundar í sparifötunum með tónlist sinni. Íslensku hljómsveitirnar Blágresi, Illgresi og Brother Grass munu koma fram á hátíðinni sem og kanadíski tónlistarmaðurinn Ryan MacGrath. Hápunktur hátíðarinnar verða svo tónleikar Lambchop laugardagskvöldið 6. júlí en sveitin kemur alla leið frá Nashville í Tennessee og leikur jaðarköntrí af bestu gerð. Lambchop mun einnig koma fram á tónleikum í Iðnó sunnudaginn 7. júlí. Miðasala á tónleikana fer fram á www.midi.is.




**LESIÐ FYRIR HÓPINN** Jónas Hákon Kjartansson og Saga Kjartansdóttir leiðbeinandi.

## Unglingar í upplestrargöngu

Fjórtán krakkar á aldrinum 10 til 14 ára tóku nýlega þátt í leshring á vegum Borgarbókasafnsins. Meðal þess sem þeir gerðu með leiðbeinendum sínum var að heimsækja Þórdísi Gísladóttur rithöfund og spyrja hana um tilurð bókarinnar Randalín og Mundi og almennt um rithöfundarstarfið. Einnig gerðu þeir myndasögur upp úr valbókum sínum, fóru í upplestrargöngu um miðbæinn og lásu textabrot upp.

Stefán Máni, rithöfundur Úlfshjarta, var leynigestur sem hitti hópinn við Hallgrímskirkju og las upp úr bókinni sinni Úlfshjarta.

Leiðbeinendur voru Saga Kjartansdóttir og Vera Knútsdóttir. - gun

## Sýnir Bananakonungsveldi

**Arngrímur Borgþórsson myndlistarmaður sýnir verkið Bananakonungsveldi í húsakynnum Sambands íslenskra myndlistarmanna að Hafnarstræti 16, dagana 6. til 25. júlí. Opnun sýningarinnar verður 5. júlí milli klukkan 17 og 19.**

**Arngrímur býr og starfar í Malmö í Svíþjóð. Hann útskrifaðist með BA-gráðu frá Listaháskóla Íslands árið 2006 og með MFA-gráðu frá Listaháskólanum í Umeå í Svíþjóð árið 2013. Hann hefur tekið þátt í fjölmörgum samsýningum og haldið einkasýningar á Íslandi og í Svíþjóð, síðast sem þátttakandi í samsýningunni Malmö Nordic 2013.**

Sjá meira á www.arngrimur.is



# Nýmóðins helvíti

BAKÞANKAR
Ólafar Skaftadóttur



Ég á vin frá Bandaríkjunum sem ferðast mikið um Evrópu. Hann er hálfur Frakki. Hann spurði mig einu sinni hvernig það gæti verið að í nánast mannlausu landi þrifist gróskumeiri tónlistarsena en hann hafði áður kynnst. Ég gat eiginlega ekki svarað spurningunni, en bætti við að jarðvegurinn hlyti að vera frjór og tækifærin mörg fyrir tónlistarfólk.

**HANN** hefur nokkrum sinnum komið til Íslands. Hann hlustaði á Of Monsters and Men á Faktorý fyrir þremur árum þegar enginn hafði heyrt á þau minnst. Núna er ekki hægt að fara í Wal-Mart eða J. Crew, verslunarkeðjur í heimalandi hans, án þess að heyra lögin þeirra spiluð í bakgrunni.

**HANN** sá Retro Stefson spila á tónleikum á Nasa fyrir fullu húsi þegar flestir hljómsveitarmeðlimir voru að stíga sín fyrstu skref í menntaskóla, bassaleikarinn var þá 16 ára, ef ég man rétt. Í samtalinu ræddum við fjölmargar hljómsveitir til viðbótar, Ojba Rasta, Moses Hightower, Sísý Ey, Agent Fresco, Sin Fang, Ólaf Arnalds, Samaris og þar fram eftir götunum. Nú á að loka Nasa og Faktorý til þess að byggja hótel í hjarta miðborgarinnar. Mörg hótel. „Það er unnið á vöktum í öllum nýmóðins helvítum," segir Birgir Svan Símonarson í Silfri hafsins.

**TÓNLISTARHÚSIÐ** Harpa, sú ágæta stofnun, á nú að verða vettvangur gróðurvísanna í tónlistarlífi Íslendinga. Þá er búið að afgreiða það, án þess að nokkur tónlistarmaður í grasrótinni hafi beðið um það. Það geta ekki allir, og vilja ekki allir, spila í risastórum og íburðarmiklum salarkynnum glæsihalla, með fullri virðingu fyrir þeim. Of Monsters and Men hefði ekki getað fyllt Hörpu fyrir örfáum árum, og hljómaði þá ekki í eyrum fólks í Ameríku alla daga eins og raun ber vitni. Held að þarna sé á ferðinni vond hagfræði.

**ÉG** sagði vini mínum frá fyrirhuguðum framkvæmdum á Skype um daginn. Hann varð sýnilega reiður og spurði af hverju við vildum eyðileggja þessa sérstöðu okkar. Hann benti á að svona forgangsröðun myndi aldrei viðgangast í öðrum borgum Evrópu. Ég hafði, eins og áður, engin svör en bætti því við að fólki virtist standa á sama um nýgræðinginn. Nú á að byggja hótel þar til miðbærinn verður hvorki aðlaðandi fyrir heimamenn né ferðamenn. Verði okkur að því. Ég hugsa að með þessu áframhaldi hjóli ég í Breiðholt með Gísla Marteini.



**HEFUR ENGU GLEYMT** Mick Jagger fór hamförum á sviðinu á laugardagskvöld en hljómsveitin The Rolling Stones var aðalnúmer hátíðarinnar.



**FALLEG FLORENCE** Florence Welch, söngkona hljómsveitarinnar Florence and the Machine, naut sín á Glastonbury-hátíðinni.

# Gleði og góðviðri á Glastonbury

Breska tónlistarhátíðin Glastonbury fór fram um nýliðna helgi. Það voru um 135.000 gestir samankomnir á hátíðinni en hún er þekkt fyrir að laða til sín aragrúa af fínu og frægu fólki. Rokkhundarnir í The Rolling Stones voru aðalnúmer hátíðarinnar, en Mumford & Sons, Arctic Monkeys, Nick Cave & the Bad Seeds og Vampire Weekend voru einnig á meðal flytjenda.



**LÉT SJÁ SIG** Ofurfyrirsætan Cara Delevingne er með afslappaðan stíl og skartaði sólgleraugum og derhúfu á lokadegi hátíðarinnar.



**SMART SUKI** Hin unga fyrirsæta Suki Waterhouse stillti sér upp fyrir ljósmyndara. Suki var ein á ferð en hún hefur verið að slá sér upp með leikaranum Bradley Cooper að undanförnu.



**TÍSKUDROTTNINGAR** Ofurfyrirsætan Kate Moss og fatahönnuðurinn Stella McCartney fylgjast vel með tískunni. Þær voru smart á þriðja degi hátíðarinnar.



**DÖKK OG DULARFULL** Leikkonan Carey Mulligan kom til að fylgjast með eiginmanninum, Marcus Mumford, og hljómsveit hans Mumford & Sons.

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 5.10 - 8 - 10.50 | 14 |
| WHITE HOUSE DOWN LÚXUS | KL. 5.10 - 8 - 10.50 | 14 |
| THE PURGE | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE INTERNSHIP | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 7 |
| AFTER EARTH | KL. 8 | 12 |
| FAST & THE FURIOUS 6 | KL. 10.15 | 12 |
| EPIC 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 6 - 9 | 14 |
| THE PURGE | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE ICEMAN | KL. 10.15 | 16 |
| THE INTERNSHIP | KL. 9 | 7 |
| AFTER EARTH | KL. 8 | 12 |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 5.45 | L |
| THE GREAT GATSBY | KL. 6 | 12 |

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 8 - 10 | 14 |
| THE PURGE | KL. 8 - 10.30 | 16 |

THE ICEMAN KL. 5.40 16 / THE INTERNSHIP KL. 5.40 7

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%
ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| WHITE HOUSE DOWN | 5 - 8 - 10 | 12 |
| THE PURGE | 8 - 10.40 | 16 |
| THE ICEMAN | 8 - 10.20 | 16 |
| THE INTERNSHIP | 5 | 7 |
| EPIC 2D | 5 | L |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is
MAGNAÐASTA BÍÓUPPLIFUN ÞESSA ÁRS!
FRÁ CHRISTOPHER NOLAN ÁSAMT Z. SNYDER KEMUR STÆRSTA MYND ÁRSINS
FRÁBÆR RÓMANTÍSK GAMANMYND
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 7 - 10:10 | 12 |
| MAN OF STEEL VIP | KL. 5 - 8 - 11 | VIP |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 5 - 8 - 10:45 | 12 |
| PAIN AND GAIN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MAN OF STEEL 3D | KL. 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 5 | 12 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 10 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 8 | L |
| EPIC ÍSL.TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 6 - 9 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 6 - 8 | L |
| PAIN AND GAIN | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 10 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 10 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 6 - 8 - 10:30 | L |
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 6 - 8 | L |
| PAIN AND GAIN | KL. 10 | 16 |

BÍÓ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS



**HJÓN** Jessica Simpson ásamt eiginmanni sínum Eric Johnson.

## Eignaðist strákinn Ace

Leik- og söngkonan Jessica Simpson eignaðist strák síðastliðinn sunnudag. Drengur Jessicu hefur hlotið nafnið Ace Knute Johnson og dafnar hann vel. Ace Knut er annað barn Jessicu og Erics Johnson, eiginmanns hennar, en fyrir eiga þau stúlkuna Maxwell Drew sem fæddist í maí 2012.

Jessica bætti mörgum kílóum á sig í fyrri meðgöngunni og eftir fæðinguna skráði hún sig í þyngdarstjórnunarprógrammið „Weight Watchers“ og segist hafa náð stjórn á þyngdinni. Hún sagði í nýlegu viðtali við Ellen DeGeneres að hún hefði reynt að vera meðvitaðri um mataræðið á seinni meðgöngunni og væri orkumeiri.

## Hætt saman eftir fimm ár

Söngkonan Nicole Scherzinger og ökuþórinn Lewis Hamilton eru hætt saman. Hamilton og Scherzinger voru saman í fimm ár en sökum mikillar vinnu hjá þeim báðum ákváðu þau að nú væri komið nóg. Parið eyddi ekki miklum tíma saman enda býr Hamilton í Sviss um þessar mundir og einbeitir sér að kappakstursferli sínum, en Scherzinger ferðast um Bretland ásamt X-factor teyminu þar í landi en hún situr í dómnefnd þáttarins. „Það var erfitt fyrir þau að vera í sambandi, þau voru nánast aldrei í sama landinu,“ sagði heimildarmaður við dagblaðið The Sun.



**UPPTEKNAR STJÖRNUR** Scherzinger og Hamilton voru saman í fimm ár.

# Beðinn um að leika andlátið

Tvífari hins sáluga James Gandolfinis er mjög eftirsóttur þessa dagana.

Donald Metzger, sem starfaði sem tvífari hins sáluga James Gandolfinis í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum, segir að blaðamenn slúðurtímaritanna ytra hafi hringt margoft í sig undanfarna daga og boðið honum háar fjárhæðir fyrir það eitt að láta mynda sig sem Gandolfini í líkkistunni á útfarardaginn.

Sopranos-leikarinn lést úr hjartaáfalli hinn 19. júní og fór útförin fram rúmri viku síðar, en slúðurtímaritin keppast nú um að komast yfir síðustu myndina sem tekin var var af leikaranum sáluga. „Jimmy [James Gandolfini] var frábær náungi og andlát hans kom méri í uppnám. Í kjölfar andlátsins fór ég á fá ógeðsleg símtöl. Einn blaðamaðurinn spurði hvort ég myndi vilja láta mynda mig í líkkistu. Ég þvertók fyrir það. Þá hringdi annar maður frá öðru tímariti og spurði ef ég gæti leikið hjartaáfallið. Ég skellti á hann,“ sagði Donald við vefmiðilinn New York Daily News á dögunum.



**ÓGEÐFELLD SÍMTÖL** Staðgengill James Gandolfini skellti á blaðamenn á dögunum þegar þeir buðu honum háa peningaupphæð fyrir að þykjast vera leikarinn sálugi í kistunni.




## Vill enga auglýsingasamninga strax




Hlaupakonan stórefnilega Aníta Hinriksdóttir hefur vakið mikla athygli síðasta árið enda er þessi 17 ára stelpa búin að bæta Íslandsmetið í 800 metra hlaupi um fjórar sekúndur á aðeins tólf mánuðum. Stúlkan nýtur mikillar athygli en það er þó ekki von á henni í auglýsingum á næstunni.

„Það hafa mörg fyrirtæki haft samband við hana og boðið henni að vera í auglýsingum en hún vill það bara ekki. Hún vill bíða með allt svoleiðis en kannski kemur að því. Hún er sautján ára og henni finnst hún fá nægja athygli nú þegar,“ segir Gunnar Páll Jóakimsson, þjálfari Anítu.

„Við vorum komin langt í viðræðum við fyrirtæki í fyrra en þá fór hún að hugsa málið og vildi ekki taka þátt. Hún á kannski eftir að líta öðruvísi á þetta eftir eitt eða tvö ár,“ sagði Gunnar.

## Ásgeir Börkur hugsanlega á leiðinni heim

**FÓTBOLTI** Fylkismenn eru í erfiðum málum í Pepsi-deild karla og liðið horfir fram á að missa fjóra leikmenn í næsta mánuði.

Andrés Már Jóhannesson er í láni hjá félaginu til 15. júlí en Fylkir á möguleika á því að lengja lánið um mánuð. Þeir Davíð Þór Ásbjörnsson, Oddur Ingi Guðmundsson og Andri Þór Jónsson eru svo allir á leið til útlanda í nám í ágúst.

Svo herma heimildir Fréttablaðsins að staða þeirra Tryggva Guðmundssonar og Heiðars Geirs Júlíussonar sé ekki sterk hjá félaginu og þeir gætu verið á leið út.

Á móti kemur að Ásgeir Börkur Ásgeirsson gæti verið á leið heim en hann er í láni hjá Sarpsborg í Noregi en sá lánstími rennur út 15. júlí.

„Það er bara tvennt í stöðunni. Annaðhvort kaupa þeir hann eða hann kemur heim. Auðvitað viljum við helst fá hann heim, okkur veitir ekki af. Við skiljum samt að hann vill eðlilega vera áfram í atvinnumennsku,“ sagði Ásgeir Ásgeirsson, formaður knattspyrnudeildar Fylkis.

Ásgeir sagði enn fremur að Fylkismenn væru að skoða að fá sterkan erlendan leikmann til þess að bregðast við komandi forföllum. **- hbg**




**LIÐSSTYRKUR** Það myndi styrkja Fylki mikið að fá Ásgeir Börk aftur heim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÁTTA STIGA FORSKOT** Stjörnukonan Harpa Þorsteinsdóttir skoraði mark og fékk rautt spjald í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## PEPSI DEILD KVENNA

### ÚRSLITIN Í GÆR

**ÍBV - ÞÓR/KA 3-2**
1-0 Shaneka Jodian Gordon (4.), 1-1 Sandra María Jessen (11.), 2-1 Bryndís Jóhannesdóttir (19.), 2-2 Sandra (49.), 3-2 Nadia Lawrence (53.).

**BREIÐABLIK - STJARNAN 1-2**
0-1 Danka Podovac (37.), 0-2 Harpa Þorsteinsdóttir (62.), 1-2 Greta Mjöll Samúelsdóttir (90.)

**ÞRÓTTUR - FH 2-6**
0-1 Sigrún Ella Einarsdóttir (7.), 1-1 Ásgerður Arna Pálsdóttir (40.), 2-1 Margrét María Hólmarsdóttir (54.), 2-2 Guðrún Björg Eggertsdóttir (57.), 2-3 Sigrún Ella (60.), 2-4 Margrét Sveinsdóttir (63.). 2-5 Guðrún Björg Eggertsdóttir (80.), 2-6 Ashlee Hincks (84.)

**AFTURELDING - HK/VÍKINGUR 3-0**
1-0 Thelma Hjaltalín Þrastardóttir (38.), 2-0 Thelma Hjaltalín (68.) 3-0 Lára Pedersen (82.)

**SELFOSS - VALUR 0-4**
0-1 Elín Metta Jensen, víti (39.), 0-2 Dagný Brynjarsdóttir (71.), 0-3 Kristín Ýr Bjarnadóttir (73.), 0-4 Dagný Brynjarsdóttir (85.).

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjarnan | 9 | 9 | 0 | 0 | 32-3 | 27 |
| ÍBV | 9 | 6 | 1 | 2 | 28-15 | 19 |
| Breiðablik | 9 | 6 | 1 | 2 | 21-11 | 19 |
| Valur | 9 | 5 | 2 | 2 | 30-12 | 17 |
| Selfoss | 9 | 4 | 1 | 4 | 11-15 | 13 |
| Þór/KA | 9 | 3 | 3 | 3 | 17-14 | 12 |
| FH | 9 | 3 | 2 | 4 | 21-24 | 11 |
| Afturelding | 9 | 2 | 1 | 6 | 7-25 | 7 |
| HK/Víkingur | 9 | 1 | 1 | 7 | 11-31 | 4 |
| Þróttur R. | 9 | 0 | 0 | 9 | 4-32 | 0 |

# Þegar Bjarni talar þá hlustar þú

Gary Martin er besti leikmaður 9. umferðar Pepsi-deildar karla en hann varð í fyrrakvöld fyrsti Englendingurinn til þess að skora þrennu í efstu deild á Íslandi. „Ég ætlaði alltaf að vinna titla með KR,” sagði Gary.

**FÓTBOLTI** „Þetta var ágætis leikur hjá mér en ég hefði alveg getað spilað betur,“ sagði Gary Martin þegar Fréttablaðið tilkynnti honum að hann væri besti leikmaður 9. umferðar Pepsi-deildar karla.

Gary Martin skoraði öll þrjú mörk KR í 3-2 útisigri á Fylki og hann og Vesturbæjarliðið sitja nú á toppnum, hann er markahæstur í deildinni með sex mörk og KR er með fimm stiga forskot í efsta sætinu.

### Búinn að finna skotskóna

„Ég hef ekki verið að bíða eftir fyrstu þrennunni en hef frekar verið að bíða eftir því að mörkin færu að detta inn hjá mér. Nú er ég búinn að skora í þremur deildarleikjum í röð og vonandi búinn að finna skotskóna. Ég og KR erum á toppnum eftir níu umferðir og ég yrði afar ánægður ef sama staða verður upp á teningnum í lok tímabilsins,“ segir Gary.

Gary hefur fundið fyrir gagnrýni í upphafi sumars. „Mér fannst ég vera að spila ágætlega en það er ekki slæm tilfinning að fólk hafi búist við meiru. Nú er ég byrjaður að skora og það ætti að vera gott fyrir bæði mig og KR,“ segir Gary.

„Liðsandinn er mjög góður og við höfðum allir góða tilfinningu fyrir þessu sumri eftir æfingaferðina til Spánar. Ég kom ekki í KR til að gera stuttan samning, skora mikið af mörkum og fara síðan. Ég ætlaði mér alltaf að koma mér vel fyrir og vinna titla með KR,“ segir Gary.

„Það var stimplað inn í mig frá undirskrift að þetta snerist allt um að hjálpa liðsfélögunum. Hér eru menn eins og Bjarni sem hafa spilað allan ferilinn með toppliðum og unnið ófáa titlana. Þegar slíkir menn segja þér eitthvað þá hlustar þú,“ sagði Gary. Það er augljóst að hann lítur upp til Bjarna og það kemur vel fram þegar hann er spurður út í það hvort hann verði áfram vítaskytta KR-liðsins. „Ég held að Bjarni leyfi mér ekki að koma nálægt vítapunktinum eftir vítið mitt á móti Víkingi þannig að mörkin mín í sumar munu koma úr opnum leik,“ segir Gary léttur.




**SEX MÖRK Í NÍU LEIKJUM** Gary Martin er markahæsti leikmaður Pepsi-deildarinnar eftir þrennuna á móti Fylki í Árbænum á sunnudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gary viðurkennir að það sé allt annað að spila með KR en með ÍA þar sem hann var á undan.

„Ég vissi alveg að það fylgir því pressa að spila fyrir KR og Rúnar sagði mér að allir hötuðu KR nema KR-ingarnir sjálfir. Það vilja allir vinna KR og mér fannst það skrítið til að byrja með. Ég hef samt verið í búningsklefanum fyrir leik á móti KR og ég veit það skiptir menn miklu máli að vinna þá,“ segir Gary.

### Kallar fram bros

Hann er fyrsti Englendingurinn til að skora þrennu í efstu deild á Íslandi og fyrsti erlendi leikmaðurinn til að skora þrennu fyrir KR síðan að Mihajlo Bibercic náði því 1995. „Ég vissi það ekki en það kallar vissulega fram bros að vera fyrsti Englendingurinn til að skora þrennu í Pepsi-deildinni,“ segir Gary.

### Engin galdrabrögð

„Það vita allir í KR að ég hef verið að spila vel og skila mínu til liðsins. Það hafa ekki verið nein galdrabrögð sem hafa gefið Baldri og Óskari pláss til að vinna með. Það er samvinna allra í liðinu að opna fyrir þá og ef ég er stífdekkaður þá er einhver annar frír. Baldur var í strangri gæslu í gær og ég náði að nýta mér það og skora þrjú mörk,“ segir Gary. En hvað með markmið sumarsins?

„Ég setti mér það markmið fyrir tímabilið að skora eitt mark í hverjum tveimur leikjum. Nú veit maður ekki hvað gerist, ég er kominn með sex mörk í níu leikjum. Maður gæti komist á flug og þá veit maður aldrei. Aðalmarkmiðið mitt er samt að vinna deildina með KR,“ segir Gary að lokum.


ooj@frettabladid.is




**EDDA GARÐARSDÓTTIR** Spilar með gömlu erkifjendunum. FRÉTTABLAÐ/DANÍEL

## Edda og Ólína komnar í Val

**FÓTBOLTI** Valskonur fengu mikinn liðstyrk í gær þegar Edda Garðarsdóttir og Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir gengu til liðs við félagið.

Edda mun klára tímabilið með Val en Ólína gerði samning út árið 2014. Þær hafa verið að æfa með Val frá því að þær ákváðu að hætta að spila með enska liðinu Chelsea. Ólína er á leiðinni á EM með íslenska landsliðinu en Edda var óvænt ekki valinn í hópinn en hún hefur spilað 103 A-landsleiki fyrir Íslands.

Valur er fimmta félagið sem Edda og Ólína spila saman fyrir en áður voru þær liðsfélagar hjá Breiðabliki (2005-06), KR (2007-2008), Örebro (Svíþjóð, 2009-12) og Chelsea (Englandi, 2013). **- óój**

# Mál Kára Kristjáns jafnvel fyrir dómsstóla

Leikmaðurinn telur að mál Fannars Friðgeirssonar sé vatn á hans myllu. Flytur til Danmerkur í júlí.

**HANDBOLTI** Kári Kristján Kristjánsson hefur verið án félagsliðs síðan í mars síðastliðnum, þegar hann lék með íslenska landsliðinu gegn Slóveníu þann 3. apríl. Leikurinn var lykilleikur í undankeppni Evrópumótsins í handknattleik sem fram fer í Danmörku í janúar á næsta ári en Ísland vann leikinn 29-28.

Leikmaðurinn var rekinn frá þýska liðinu Wetzlar eftir leikinn en forráðamenn félagsins vildu meina að Kári hefði brotið reglur með því að taka þátt í leiknum.

Kári gekkst undir aðgerð í febrúar en síðan þá hefur hann ekkert spilað með Wetzlar. Leikmaðurinn kærði félagið í kjölfar brottrekstursins en að hans mati hafði hann fengið leyfi hjá lækmum Wetzlar að spila. Fyrir leikinn hafði Kári samið við danska liðið Bjerringbro/Silkeborg.

„Ég heyrði í lögfræðingi mínum síðast í dag og þá var ekki komin niðurstaða í málið,“ sagði Kári Kristján Kristjánsson í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Við erum í viðræðum við félagið um að semja um starfslok, en síðasti útborgunardagurinn minn var 15. mars síðastliðinn. Það er best fyrir alla að semja utan dómstóla, en það hefur ekkert þokast í þeim málum.“

Það stefnir því í málaferli hjá línumanninum.

„Ef forráðamenn Wetzlar kasta fram einhverju tilboði þá verður það bara skoðað, en ef ekkert gerist þá fer málið fyrir þýska dómstóla um miðjan október.“

Fannar Friðgeirsson, fyrrum leikmaður Wetzlar, lenti einnig illa í forráðamönnum félagsins þegar þeir sviku munnlegan samning sem leikmaðurinn hafði gert við félagið. Fannar fékk því að vita í apríl að hann væri án félagsliðs og myndi ekki fá áframhaldandi samning, þvert á móti því sem honum hafði verið lofað.

„Ég hef kosið að tjá mig ekki nákvæmlega um einstaka persónur innan félagsins en þetta mál með Fannar [Friðgeirsson] er vatn á mína myllu varðandi hvernig félagið er rekið. Þetta lítur ekki smekklega út fyrir þá og virkilega sorglegt hvernig var staðið að öllu varðandi Fannar.“




**ÁTÖK FRAM UNDAN** Kári Kristján verður í eldlínunni í dönsku úrvalsdeildinni í handknattleik á næsta tímabili. Leikmaðurinn stendur í hörðum deilum við fyrrverandi vinnuveitanda. NORDIC PHOTOS/GETTY

Kári Kristján undirbýr sig fyrir átökin í dönsku úrvalsdeildinni.

„Ég kom hingað til Vestmannaeyja í byrjun maí og hef verið í endurhæfingu sem og í handbolta með mínum mönnum í ÍBV. Fyrsta æfingin með Bjerringbro/Silkeborg er 16. júlí og ég verð klár fyrir þau átök.“

Leikmaðurinn flytur til Danmörku í byrjun júlí.

„Það leggst rosalega vel í mig að flytjast þangað. Ef ég á ekki eftir að finna mig í Danmörku þá þýðir það bara eitt, ég er leiðinlegur.“

**- sáp**



FÖSTUDAGSKVÖLD
BESTA SVARIÐ
Hinn eini sanni Sverrir Þór Sverrisson, Sveppi stýrir glænýjum spurninga- og skemmtiþætti í sumar.
BÍÓ
GULL
krakkar
POPP TÍVÍ
Vertu með Stöð 2, 4 aukastöðvar og Netfrelsi fyrir 265 krónur á dag
FYRSTA FLOKKS DAGSKRÁ
Í ALLT SUMAR
NJÓTTU LÍFSINS MEÐ STÖÐ 2
OZ
Sjónvarp framtíðarinnar
NÝ ÞÁTTARÖÐ
HEFST 14. JÚLÍ
CROSSING LINES
Glæný sakamálaþáttaröð sem fjallar um hóp þraut-þjálfaðra rannsóknarlögreglumanna sem ferðast um Evrópu og rannsaka dularfull sakamál. Þessum öfluga hópi er því ekkert óviðkomandi og enginn er óhultur.
SUNNUDAGSKVÖLD
PÖNK Í REYKJAVÍK
Þegar Jón Gnarr var pönkari sem hékk á Hlemmi átti hann ekki von á því að verða borgarstjóri einn daginn. Þættirnir eru fjórir talsins og voru gerðir í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna.
NÝ ÞÁTTARÖÐ
HEFST 15. JÚLÍ
THE NEWSROOM
Önnur þáttaröðin af þessum vinsælu þáttum sem hlotið hafa mikið lof gagnrýnenda og áhorfenda beggja vegna Atlantshafs. The Newsroom eru frá HBO og Aaron Sorkin sem á heiðurinn af sjónvarpsþáttaröðinni The West Wing.
NÝ ÞÁTTARÖÐ
HEFST 9. JÚLÍ
HOW I MET YOUR MOTHER
Einn af vinsælustu gamanþáttum Stöðvar 2. Ted heldur áfram sögunni endalausu.
ÞRIÐJUDAGSKVÖLD
BIG BANG THEORY
Ný þáttaröð um hina bráðskemmtilegu Leonard og Sheldon, afburðasnjalla eðlisfræðinga sem vita þó fátt um mannleg samskipti.
FÖSTUDAGSKVÖLD
ARRESTED DEVELOPMENT
Talsverð bið hefur verið eftir þessari fjórðu þáttaröð um hina stórskrýtnu en dásamlega fyndnu Bluth fjölskyldu.
HD
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is
FÍTON / SÍA

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 21.10
### Good Cop

Stöð 2 sýnir í kvöld fyrri hluta bresku framhaldsmyndinnar Good Cop. Myndin fjallar um lögreglumann sem lendir í átakanlegri reynslu og verður vitni að því þegar félagi hans er myrtur. Hann er staðráðinn í að hefna vinar síns og tekur lögin í sínar hendur. Seinni hlutinn er á dagskrá annað kvöld.



## Í KVÖLD



### The Mob Doctor

**SKJÁR 1 KL. 21.10** Hörkuspennandi þáttur sem fjallar um skurðlækninn Grace sem skuldar mafíuforingja greiða. Innköllun greiðans er í huga Grace nokkuð sem hún gæti aldrei framkvæmt.

TV.COM 7,9 IMDb 6,0




### Castle

**RÚV KL. 21.15** Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans.

TV.COM 9,0 IMDb 8,2



### Modern Family

**STÖÐ 2 KL.19.35** Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.

TV.COM 8,2 IMDb 8,6

## Bylgjan kl. 09.00

Ívar Guðmundsson sér um morgnana frá 9 til 13 og er þátturinn hans fyrst og fremst skemmtilegur tónlistarþáttur. Hann er persónulegur og byggður upp þannig að fólk hafi gaman af því að hlusta á útvarp.




FIDUC FASTEIGNIR

sími: 527-4900
www.fiduc.is

**Hólmvað 2, íbúð 0105 Rvk-*Sjón er sögu ríkari***




Er þetta eignin sem þú ert að leita að? Í einkasölu björt og falleg 4 herb., 131,1 fm íbúð á tveimur hæðum í nýlegu fjölbýli, ásamt 24,5fm bílskúr í sérstæðri bílskúrslengju, samtals 155,6fm í Norðlingaholtinu.
ÞESSI EIGN HEFUR MIKLA SÉRSTÖÐU - er einskonar sérbýlí í fjölbýli, lítill viðhaldskostnaður. Sérstök og falleg eign með góðum 20fm. sólpalli til suðurs.
Anna María og Steinunn taka vel á móti þér.
Allar frekari upplýsingar í síma 527-4900 eða 776-4900

**Steinunn Ásgerður Frímannsdóttir Lögg. Fasteignasali**



Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

**EIGNAMIÐLUN**

Frá 1957
Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Grundargerði 6 – einbýlishús**




Snoturt og hlýlegt 159,6 fm einbýlishús á grónum, eftirsóttum og friðsælum stað í Smáíbúðahverfi með skjólsælli suðurlóð, aflokaði á þrjá vegu. Stutt er í grunnskóla, heilsugæslu, verslanir og ýmsa aðra þjónustu. **V. 39,9 millj.**

**Eignin verður sýnd í dag þriðjudag frá kl. 17:00 – 18:00**

**Karfavogur - góður staður - einbýli**



Fallegt einbýlis /tvíbýlishús á mjög góðum stað við Karfavoginn. Fallegt einbýlis /tvíbýlishús á mjög góðum stað við Karfavoginn. Húsið sem er eitt af þessu sænsku timburhúsum, skráð 233 fm með bílskúr. Auka íbúð er í kjallara sem mögulegt væri að leigja út. Gróin og skjólgóður garður er við húsið. Stórar timbursvalir eru frá stofu efri hæðar með tengingu við lóð. Ýmislegt hefur verið endurnýjað síðustu ár eins og ofnar og ofnalagnir, neysluvatnslagnir, rafkerfi að mestu ofl. **V. 51,0 millj.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle** *(14:22)*
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(115:175)*
**10.15 Gilmore Girls** *(16:22)*
**11.00 Wonder Years** *(11:23)*
**11.25 Up All Night** *(22:24)*
**11.50 Jamie Oliver's Food Revolution** *(4:6)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** *(24:37)*
**14.20 American Idol** *(25:37)*
**15.05 Sjáðu**
**15.35 Victorious**
**16.00 Svampur Sveinsson**
**16.25 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(6:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Big Bang Theory** *(8:23)*
**19.35 Modern Family** Önnur þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna, hefðbundinnar fimm manna fjölskyldu samkynhneigðra manna sem eru nýbúnir að ættleiða dóttur.
**20.00 The Big Bang Theory** *(5:24)* Stórskemmtilegur gamanþáttur um Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar.
**20.25 Mike & Molly** *(15:23)*
**20.45 Two and a Half Men** *(23:23)*
**21.10 Good Cop** *(1:2)* Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar um breska lögreglumanninn John Paul Rocksavage.
**22.45 The Daily Show. Global Editon**
**23.10 Dallas**
**23.55 Lærkevej** *(6:10)*
**00.40 Miami Medical** *(2:13)*
**01.25 Silent Witness** *(9:12)*
**02.15 Silent Witness** *(10:12)*
**03.10 The Closer** *(1:21)*
**03.55 Numbers** *(16:16)*
**04.40 White Collar** *(15:16)*
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## POPP TÍVÍ

**19.00 Friends** *(4:24)*
**19.25 Two and a Half Men** *(21:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(8:22)*
**20.10 The O.C.** *(2:27)*
**20.50 The Cleveland Show** *(11:22)*
**21.15 Crusoe** *(12:13)*
**21.55 The Vampire Diaries** *(11:22)*
**22.40 The Vampire Diaries** *(12:22)*
**23.25 The O.C.** *(2:27)*
**00.10 The Cleveland Show** *(11:22)*
**00.30 Crusoe** *(12:13)*
**01.10 The Vampire Diaries** *(11:22)*
**01.50 The Vampire Diaries** *(12:22)*
**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Með **21.30** Móti

## SPORT besta sætið

**07.00 Pepsí-deild kvenna 2013**
**17.05 Pepsi-mörkin 2013**
**18.20 Pepsí-deild kvenna 2013**
**20.00 Herminator Invitational**
**20.45 Meistaradeild Evrópu. Ajax – Real Madrid**
**22.25 Víkingur Ó – ÍA**
**00.15 The Battle of the Stars** Útsending frá stjörnuleik Messi og félaga.
**01.55 Duel of Giants**

## SPORT 2 enski boltinn

**17.35 Liverpool - Man. City**
**19.15 Manstu**
**20.00 Man. City - QPR - 13.05.12**
**20.30 WBA - Man. City**
**22.15 Man. City - QPR - 13.05.12**
**22.45 Leikmaðurinn. Sigurður Helgason** Guðmundur Benediktsson hittir glerharða stuðningsmenn ensku stórliðanna.
**23.20 Arsenal - Man.**
**01.05 Season Highlights 2012/2013**
**02.00 Duel of Giants**

## krakkar

**07.00** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Brunabílarnir **08.05** Dóra könnuður **08.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.50** Strumparnir **09.15** Waybuloo **09.35** Lína Langsokkur **10.00** Áfram Diego, áfram! **10.25** Doddi litli og Eyrnastór **10.35** Histeria! **10.55** Ofuröndin **11.20** Lalli **11.30** Refurinn Pablo **11.35** Litlu Tommi og Jenni **12.00** Svampur Sveinsson **12.20** Dóra könnuður **12.45** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.10** Strumparnir **13.30** Waybuloo **13.50** Lína Langsokkur **14.15** Áfram Diego, áfram! **14.40** Doddi litli og Eyrnastór **14.50** Histeria! **15.10** Ofuröndin **15.35** Lalli **15.45** Refurinn Pablo **15.50** Litlu Tommi og Jenni **16.15** Svampur Sveinsson **16.35** Dóra könnuður **17.00** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.25** Strumparnir **17.45** Waybuloo **18.05** Lína Langsokkur **18.30** Áfram Diego, áfram! **18.55** Doddi litli og Eyrnastór **19.05** Histeria! **19.25** Ofuröndin

## GULL

**20.00 Í návist kvenna**
**20.30 Fiskur án reiðhjóls** *(5:10)*
**20.55 Cold Feet** *(2:6)*
**21.45 Footballers Wives** *(8:9)*
**22.35 Í návist kvenna**
**23.05 Fiskur án reiðhjóls** *(5:10)*
**23.30 Cold Feet** *(2:6)*
**00.20 Footballers Wives** *(8:9)*
**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**12.40 I Could Never Be Your Woman**
**14.15 Búi og Símon**
**15.45 Dodgeball: A True Underdog Story**
**17.20 I Could Never Be Your Woman**
**18.55 Búi og Símon**
**20.25 Dodgeball: A True Underdog Story**
**22.00 Planet of the Apes**
**00.00 The Grey**
**01.55 London Boulevard**
**03.40 Planet of the Apes**

## RÚV

**16.30 Ástareldur**
**17.20 Teitur** *(3:26)*
**17.30 Sæfarar** *(45:52)*
**17.41 Bombubyrgið** *(1:26)*
**18.09 Teiknum dýrin** *(18:52)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Magnus og Petski** *(8:12)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Fjársjóður framtíðar II** *(5:6)* *(Innflytjendur og kynþáttahyggja)* Fylgst er með rannsóknum vísindamanna við Háskóla Íslands á vettvangi þar sem aðstæður eru býsna fjölbreyttar.
**20.10 Með okkar augum** *(1:6)*
**20.40 Stelpurnar okkar 2013** *(1:2)* Þáttur um íslenska landsliðið sem keppir í Evrópumóti kvennalandsliða í fótbolta.
**21.15 Castle** *(13:24) (Castle)* Bandarísk þáttaröð.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Hringiða** *(2:12) (Engrenage III)* Franskur sakamálamyndaflokkur. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Spilaborg** *(9:13) (e)*
**00.10 Fréttir**
**00.20 Dagskrárlok**

## RÚV ÍÞRÓTTIR

**18.00 360°** **18.30** Álfukeppnin-úrslitaleikur (e) **20.30** Strákarnir okkar **21.30** Skíðalandsmót

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 America's Funniest Home Videos**
**07.35 Everybody Loves Raymond** *(1:25)*
**08.00 Cheers** *(9:22)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 The Ricky Gervais Show** *(10:13)*
**17.05 Family Guy** *(10:22)*
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Parenthood** *(13:18)*
**19.05 America's Funniest Home Videos**
**19.30 Everybody Loves Raymond** *(2:25)*
**19.55 Cheers** *(10:22)*
**20.20 Britain's Next Top Model** *(4:13)*
**21.10 The Mob Doctor** *(8:13)* Hörkuspennandi þáttur sem fjallar um skurðlækninn Grace sem skuldar mafíuforingja greiða.
**22.00 Nurse Jackie** *(2:10)* Margverðlaunuð bandarísk þáttaröð um hjúkrunarfræðinginn og pilluætuna Jackie.
**22.30 House of Lies** *(2:12)* Marty Khan og félagar snúa aftur í þessum vinsælu þáttum.
**23.00 Hawaii Five-O** *(19:24)*
**23.50 NYC 22** *(4:13)*
**00.40 Beauty and the Beast** *(20:22)*
**01.25 Excused**
**01.50 The Mob Doctor** *(8:13)*
**02.40 Nurse Jackie** *(2:10)*
**03.10 House of Lies** *(2:12)*
**03.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** AT&T National (**1:4**) **11.10** Golfing World **12.00** AT&T National (**2:4**) **15.00** Ryder Cup Official Film **16.40** LPGA Highlights (**8:20**) **18.00** PGA Tour - Highlights (**25:45**) **18.55** The Memorial Tournament (**4:4**) **00.10** The Open Championship Official Film **01.05** ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# SAFARÍKARI SAFAPRESSA



## Safapressan sem fagaðilar keppast við að dásama

**Hurom® Slow Juicer** safapressan hefur svo sannarlega slegið í gegn, enda nær hún allt að **35% meiri safa** úr hráefninu en aðrar safapressur.
Slow Juicer safapressan þrýstir safanum úr hráefninu eins og mortél, en tætir ekki eins og aðrar safapressur. Fyrir vikið færðu bæði meiri og næringarríkari safa úr Hurom® Slow Juicer.
**Hurom® Slow Juicer pressar m.a. safa úr ávöxtum, grænmeti, hnetum, berjum, fræjum, möndlum og hveitigrasi.**

- Allt að 70% hljóðlátari en aðrar vélar
- Hæg pressa skilar ferskari og betri safa
- Hreinni safi, miklu minna hrat
- 35%–50% meiri safi en úr hefðbundnum safapressum
- Allt að 50% hraðvirkari en hefðbundnar safapressur
- Mun meira næringargildi en úr öðrum vélum
- Auðvelt að hreinsa

**Meiri safi – meira af vítamínum – betri nýting.**
**Nánari upplýsingar á** www.hataekni.is/hurom

HUROM®
Slow Juicer

35–50% meiri safi

**Söluaðilar:**

Höfuðborgarsvæðið: **Borð fyrir tvo**, Laugavegi 97 ■ **Hagkaup**, Eiðistorgi, Garðabæ, Holtagörðum, Kringlunni, Skeifunni, Smáralind og Spöng
**Hátækni**, Ármúla 26 ■ **Innigarðar**, Hraunbæ 117 ■ **Lifandi Markaður**, Borgartúni 24, Fákafeni 11, Hæðasmára 6

Vesturland: **Hagkaup**, Borgarnesi

Norðurland: **Bókaverslun Þórarins**, Húsavík ■ **Byko**, Akureyri ■ **Hagkaup**, Akureyri ■ **Skagfirðingabúð**, Sauðárkróki

Austurland: **Tónspil**, Neskaupsstað

Suðurland: **Árvirkinn**, Selfossi ■ **Geisli**, Vestmannaeyjum ■ **Hagkaup**, Selfossi ■ **Hagkaup**, Reykjanesbæ

Aðrir: **www.aha.is**

Heildsöludreifing: **Hátækni Heildverslun**

## SUMARFRÍIÐ



**„Á miðvikudag fer ég á hátíðina Rock Werchter í Belgíu. Svo keyri ég með fjölskyldunni á húsbíl suður á frönsku Rívíeruna, til Mónakó og Ítalíu, í gegnum Alpana og þá norður til Noregs.“**

Júlíanna Ósk Hafberg, tilvonandi fatahönnunarnemi í LHÍ.

# Viðurkenning fyrir tískuþátt

**Íris Björk Reynisdóttir hefur lokið grunnnámi við London College of Fashion.**

„Ég er rosalega ánægð. Þetta er skemmtileg viðurkenning og hún er fyrir það sem mig langar til að gera í framtíðinni þannig að þetta er mikil hvatning,“ segir Íris Björk Reynisdóttir. Hún hlaut viðurkenninguna Excellence in Creative Fashion Editorial frá hinum virta háskóla London College of Fashion fyrir framúrskarandi tískuljósmyndaþætti.

Íris hefur stundað nám í ljósmyndun og stíliseringu við skólann síðastliðin tvö ár. Viðurkenninguna hlaut hún þegar hún útskrifaðist úr tveggja ára grunnnámi frá skólanum á dögunum.

„Námið gekk allt mjög vel. Mér stendur til boða að ljúka einu ári í viðbót og útskrifast þá með BA-gráðu og ég hef hugsað mér að gera það,“ segir hún.

➜ Íris Björk starfrækir hina vinsælu tískubloggsíðu Iris-bjork.blogspot.com.

Íris Björk kann vel við sig í Lundúnum og getur vel hugsað sér að búa þar áfram. Hún segir tækifærin frekar leynast úti í hinum stóra heimi en á litla Íslandi.

„Mig langar að vinna um allan heim og er að byggja upp tengslanet á meðan ég er hérna úti. Þetta er auðvitað ekki ódýrt nám og eins og staðan er núna eru tækifærin hér frekar en heima.“

- hó



**FRAMÚRSKARANDI** Íris Björk Reynisdóttir hlaut viðurkenningu frá hinum virta listaháskóla London College of Fashion fyrir framúrskarandi tískuljósmyndaþætti. MYND/VALLI


2 VILD
er snilld

ENN MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR

Byrjaðu strax að spara. Skráðu kortin ykkar núna á **www.stod2.is/vild**

World Class ICELAND



40% AFSLÁTTUR

40% afsláttur af þriggja mánaða korti í baðstofu og heilsurækt.

Skemmtigarðurinn SMÁRALIND



50% AFSLÁTTUR

50% afsláttur af fjölskyldukortum Skemmtigarðsins. Þú borgar 3.000 kr. en færð 6.000 kr. inneign.

FÍTON / SÍA




**FLOTTIR FRUMKVÖÐLAR** Guðmundur Sveinsson (til vinstri) og Jens Gísli Heiðarsson hjá hugbúnaðarfyrirtækinu GlensnelG Software. Á myndina vantar Harald Gunnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Samfélags-app sem einfaldar djammið

**Tölvunarfræðingar hjá GlensnelG Software hafa hannað fyrsta íslenska samfélags-appið. Hugmyndin er að einfalda fólki að undirbúa væntanlegt djamm.**

„Við félagarnir prófuðum þetta um helgina og þetta var algjör snilld,“ segir Guðmundur Sveinsson, tölvunarfræðingur hjá hugbúnaðarfyrirtækinu GlensnelG Software.

Guðmundur, eða Gumbó eins og hann er jafnan kallaður, er einn þriggja tölvunarfræðinga sem hannað hafa fyrsta samfélags-app Íslendinga fyrir snjallsíma. Appið kallast „Djamm?“ og er hugsað til að einfalda fólki að undirbúa djammið sem er fram undan. „Þetta virkar þannig að maður skráir sig inn með einum takka. Þá er búinn til notandi út frá þeim upplýsingum sem gefnar eru upp og svo þarf bara að bæta við vinum og svona, eins og á Facebook,“ segir Gumbó. Notendur fá svo skilaboð í símann þegar styttist í djammið. „Við sendum tilkynningu klukkan 18 á djammdeginum, á föstudegi, laugardegi eða á virkum degi þegar það er helgidagur daginn eftir.“ Notendurnir fá meldingu í símann þar sem spurt er: „Er djamm í kvöld?“ og er spurningunni ýmist svarað játandi eða neitandi. „Ef þú segir „já“ ertu merktur í appinu eins og þú sért að fara að djamma. Þá geturðu farið inn í appið og séð hvaða vinir þínir eru líka að fara að djamma og séð hvar þeir eru, ef fólk velur að deila með sér staðsetningunni,“ segir Gumbó og bætir við að einu sinni yfir kvöldið fái notandi meldingu ef annar vinur er í um 50 metra fjarlægð. „Svo er hægt að senda skilaboð í spjallkerfi, þar sem skilaboðin birtast aðeins einu sinni en eyðast svo. Fólk getur því verið að senda skemmtileg skilaboð sín á milli á fylleríi sem sjást bara einu sinni.“

Appið er enn í vinnslu en forprófanir fara nú fram og segir Gumbó öllum frjálst að skrá sig og vera með. Skráning fer fram inni á slóðinni Glensnelg.com.

kristjana@frettabladid.is

### Fyrsta samfélags-appið

„Djamm?“ verður fyrsta samfélags-app, eða „social app“ okkar Íslendinga. Slík öpp njóta gríðarlegra vinsælda meðal snjallsímaeigenda. Forrit eins og Instagram, Twitter, Facebook og Snapchat teljast öll til sams konar forrita.




# Ekkert stress að elda fyrir Ramsay

**Stjörnukokkurinn Gordon Ramsay borðaði á veitingastaðnum Dilli fyrir skömmu.**

„Það var ekkert stressandi að elda fyrir hann. Það eru allir svo slakir í „Mýrinni“, “ segir Gunnar Karl Gíslason, kokkur og eigandi veitingastaðarins Dills, sem fékk það verkefni að elda fyrir stjörnukokkinn kröfuharða, Gordon Ramsay, á dögunum.

Gunnar segist ekki vita betur en að Ramsay og félagar hafi verið ánægðir með matinn og upplifunina á staðnum. „Ég veit ekki betur. Það virtust allir lukkulegir. Hann þakkaði bara kærlega fyrir sig og tók í spaðann á mér áður en hann kvaddi.“

Spurður um það hvað Ramsay hafi pantað sér segist Gunnar Karl ekki gefa svoleiðis upplýsingar upp. „Við viljum nú sem minnst tala um þetta. Fólk getur komið hingað og borðað án þess að við séum að tjá okkur eitthvað sérstaklega um það.“

Gordon Ramsay er, eins og áður hefur komið fram, staddur hér á landi í fríi. Þessa dagana er hann við veiðar í Norðurá, en hann hefur einnig kíkt út á lífið og heiðraði meðal annars skemmtistaðinn Austur með nærveru sinni.

- hó



**ELDAÐI FYRIR STJÖRNUKOKKINN** Gunnar Karl Gíslason eldaði fyrir Gordon Ramsey á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

➜ Gordon Ramsay lenti í lífsháska í Vestmannaeyjum 2008 þegar hann var að veiða lunda.

# ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ

## DOMINO'S

# 1000 KR.

**Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali. Ef þú sækir.**
Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflettan botn.

**VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!**



**SÍMI 58 12345 DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS**

FÍTON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hluti af norrænni byltingu

Hljómsveitin **Samaris** er á lista breska slúðurtímaritsins Thelineofbestfit.com yfir þær hljómsveitir eða tónlistarmenn sem eru leiðandi öfl í hinni svokölluðu norrænu byltingu með konum í fararbroddi. Samaris, sem sigraði í Músíktilraunum árið 2011, er skipuð Áslaugu Rún Magnúsdóttur, Jófríði Ákadóttur og Þórði Kára Steinþórssyni. Blaðamaður segir rödd Jófríðar dáleiðandi og ógleymanlega og að hún passi vel við klarinettspil Áslaugar og dimma og rólega raftakta Þórðar Kára. Fyrsta plata Samaris á erlendri grundu kemur út í lok júlí. Þar er safnað saman lögum sem hafa áður komið út á stuttskífum sveitarinnar. - fb



### Flugvöllurinn og hlýnun jarðar

Hlýnun jarðar og fyrirséð hækkun sjávarborðs eru **Páli Bergþórssyni**, veðurfræðingi og fyrrverandi forstjóra Veðurstofunnar, hugleikin í færslu sem hann ritar á Facebook. Fyrirséð er að til aldamóta megi gera ráð fyrir að sjávarstaða hækki um einn til tvo metra í Reykjavík.

„Að þessu ættu þeir að huga sem vilja reisa íbúðabyggð í Vatnsmýri og eyðileggja flugvöllinn. Má hann ekki bíða örlaga sinna og gera ómælt gagn þangað til?" veltir Páll fyrir sér. **Árni Finnsson**, formaður Náttúruverndarsamtakanna, leggur þá orð í belg og bendir á að líka mætti hugsa sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að bjarga Vatnsmýrinni og öðrum láglendum svæðum. - óká



## Mest lesið vísir

1 Banaslys í Cirque du Soleil
2 Sálarmorð og eineltisviðbjóður vinstri haturshjarðarinnar
3 Útlit fyrir að Eurovision verði ekki í Köben
4 Kaþólsku Magðalenusysturnar þjóðarskömm fyrir Íra
5 „Ókostir beins lýðræðis eru verulegir"





